

TÍMAFLAKK

með Markúsi

8. hefti

Nóvember 2024



Níu
gjöful
sumur
á
Mogga

Markús Örn Antonsson segir frá

Æskuminning

1946
SLÖKKVILIBÍÐ BJARGAR 8 HÚSUM
24 manns heimslausst er tvei íbúðarhús brunnu á sunnudagsmorgun Furduleg björgun

1947
HÁFJALL HEKLU LOGANDI ELDHAF
ELDÞÓLUR, SEM NÁ 800 METRA Í LOFT UPP

1948
Þúsundir Araba ráðast inn í Jerúsalem
Fimm lönd hafa viðurkennt Israelsríki
Loftárásir á Tel Aviv

1948
Ný ofbeldisverk í Berlín
Segir sovjet-stjórn undirbúa þriðju heimsstyrjöld
Kommúnistar hindra borgar-ráðstund í þriðju sinn
„Rússar haga sjer eins og nasistar gerðu í Frakklandi“

1948
Tjekkneskir kommúnistar hrifsa völdin
900 vopnaðir Arabar gera innrás í Palestínu
Gýfingar reynt að frelste í hési her-réttarins

1950
Ísland tagnaði Gullfossi í feyursta veðri
Áhrifamikil sjón er 5 „Fossar“ beindu stöfnum að landi
Stærsta farþegaskip íslendinga kom til Reykjavíkur í gærdag

1950
Áhöfn Geysis heil á húfi
Myndir af flaki Geysis á jöklinum
Flakid er á Vatnajökli
Leidangur frá Akureyri særkir fólkið

1956
Brezkar flugvélar gerðu í gær loftárásir á egyptzkar borgir
Allsherjarþingið kallað saman
Stúdentar ætla að gefa blóð
Við berjumst

1956
Blóðbað í Ungverjalandi
Dýrsleg grimmd Rússa
30% segja sig úr flokknum
Ísraelsmenn neita að fara frá Sinai
Sýrlandið gæzlastar í Suez

Minnisverð tíðindi.

Endurtekur sagan sig? Ófriðlegt í henni veröld eftir stríð.

Í skugga atómsprengjunnar

Virkir dagar bernsku minnar á Frakkastígnum hófust með því að ég gekk með Ásu frænku minni fyrir klukkan 9 upp í Bókabúð Austurbæjar á Laugavegi 34 A, þar sem Ása hafði lykklavald til að opna í útibúi frá Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar í Austurstræti. Á leiðinni skutumst við inn í Fornbókaverslunina á Laugavegi 45, sem fyllti nefgöngin lykt af gömlum pappír. Erindi okkar var hins vegar að kaupa nýbakað Morgunblað, sem Sigurður bóksali hafði í bunka á afgreiðsluborðinu hjá sér. Athygli mín beindist reyndar mest að hillunni í glerborðinu undir Mogganum, þar sem Sigurður hafði raðað glerskálum með brjóstsykri sem hann hafði til sölu, ýmist rauðröndóttum, beiskum Bismarck eða mislitum molum með ávaxtabragði. Einn slíkur fylgdi gjarnan með í kaupunum.

Morgunblaðið kostaði 50 aura í lausasölu en 8 kr. á mánuði til fastra áskrifenda. Áður en ég gat lesið sjálfur skoðaði ég þær fáu fréttamyndir sem voru í blaðinu og fékk svo skýringar frænku minnar. Í nóvember 1946 birtust myndir af stórbrunanum við Amtmannsstíg. Ég hafði starað á sviðnar húsarústirnar daginn eftir og er það fyrsta bernskuminning mín sem æ hefur lifað. Myndasögur í Morgunblaðinu voru vel þegnar áður en ég varð læs. Daglegar teiknimyndir á baksíðu af uppátækjum arabíska galdrakarlsins Ali Baba vöktu hlátur þótt kaldhæðnisleg væru á köflum. “Hann er algjör Ali Baba”, var svo sagt um annálaða ævintýramenn

sem byggðu skýjaborgir þessara ára í íslensku samfélagi. Í blaðinu átti fastan sess nafni minn Markús, sem var heitið á teiknimyndasögunni Markúsi í Mogganum. Í henni voru rakin ævintýri og ástamál Markúsar blaðaljósmyndara og Sirríar. Ég heillaðist mest af ferðum nafna míns á húðkeipum eða í sjóflugvélum um óbyggðar norðvesturslódir Ameríku. Sannur umhverfissinni, hann Markús eftir Ed Dodd.

Morgunblaðið fylgdi Sjálfstæðisflokknum að málum á viðsjárverðum tímum innanlands og utan. Það gerði líka síðdegisblaðið *Vísir*. Þjóðviljinn, blað kommúnista, *Tíminn*, málgagn Framsóknar- og samvinnufóks, og *Alþýðublaðið*, blað jafnaðarmanna héldu fram stefnumálum sinna manna og endurspegluðu heimssýn þeirra. Fimm dagblöð sem héldu uppi öflugri þjóðfélagsumræðu og fluttu fréttir. Heimurinn var að ná sér eftir stríð. Allt logaði í illdeilum og gerðu Rússar hvert Evrópuríkið af öðru að leppríkjum Sovétríkjanna að undirlagi Stalíns leiðtoga þeirra. Kaldastríðið skollíð á eins og margar fyrirsagnirnar á síðunni hér á móti frá árabílinu 1946-1956 bera glögg með sér. Við vöndumst stríðóttanum og alls kyns heimsendaspám í skugga atómsprengjunnar. Það var þó alltaf glæta á milli og þjóðin framfarasinuð. Reynslan sú rifjast upp þegar látið er ófriðlega, nánast allt í kringum okkur á líðandi stund.

MÖA



MARKÚS Eftir Ed Dodd



1) Finnur: Vertu sæl, mamma og þakka þér fyrir að þú lofaðir mér að fara hingað.



Frú Manley: — Vertu sæll, ástin mín, mamma hugsar til þín á hverjum degi.



2) Tommi: — Gerðu þetta ekki svona, aulabárður.
3) Markús og hinir ungu félagar hans halda áfram eftir ánni

lengra inn í skóginn, njóta fegurðar umhverfisins og heilnæms útlífs.

Snemma beygist krókurinn

Það var fyrir hreina tilviljun að ég hóf sumarstarf á Morgunblaðinu 1957, sem átti eftir að reynast afdrifaríkt fyrir mig og varð fyrsti vísir að því sem síðar kom í vinnu við fjölmiðla. Við Nonni félagi minn höfðum farið í silungsveiði yfir helgi austur að Þingvallavatni. Tókum rútuna á BSÍ og höfðum tjald og annan útilegubúnað með okkur. Tjölduðum í landi Vatnskots og keyptum

okkur veiðileyfi hjá Símoni bónda. Fiskerí var tregt en samt fengum við nokkrar murtur og var ekki við meiru að búast þegar veitt var frá landi þarna undir hraunkantinum. Þegar við vorum að drösla dótinu okkar áleiðis að hótél Valhöll til að taka rútuna til Reykjavíkur, sá ég bíl koma að austan og sýndist það vera bíll Bjarna Benediktssonar, grænn DeSoto 1956, sjálfskiptur með miklum “uggum” að aftan.

Sigríður, kona Bjarna, föðursystir mín, sat við stýrið og Bjarni sat aftur í. Hann ók nánast aldrei sjálfur. Voru þau að keyra Þingvallahringinn. Þau stöðvuðu bílinn þegar þau báru kennsl á unglinginn og buðu okkur far í bæinn með útilegubúnaðinn.

Bjarni, sem þá var ritstjóri Morgunblaðsins, spurði um hagi okkar og kom fram að ég var frekar vondaufur um sumarvinnu, aðra en að fara að stafla upp timbri hjá einhverri timburversluninni eða fara að breiða saltfisk hjá BÚR við flugskýli úti á flugvelli eða við skemmurnar á Bráðræðisholtinu, vestast í Vesturbænum. Það var stopul vinna og háð veðri. Flugfélag Íslands, sem ég vann hjá tvö undanfarin sumur, hafði ráðið sendil



Hús Ísafoldar í Austurstræti 8, nú Aðalstræti 12, aðsetur Morgunblaðsins 1913 til 1956. Ritstjórnin var uppi á annarri hæð.

í heilsársstarf, svo að þar voru öll sund lokuð. Nonni var betur settur, því að hann var búinn að ráða sig sem messagutta á Fjallfossi og fór í millilandasiglingar þó ungur væri. Bjarni hefur vafalaust fundið að að ég var fremur kvíðinn yfir afkomumöguleikum mínum framundan. Hann sagðist ætla að kanna málið við Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóra Morgunblaðsins, hvort eitthvað væri fyrir mig að gera þar. Ég fór því til fundar við Sigfús daginn eftir á skrifstofu hans í sjálfri Morgunblaðshöllinni í Aðalstræti 6, sem blaðið hafði flutt inn í um sumarið 1956. Þegar talað er um Morgunblaðshöllina byggist það sjálfsgagt á þeim misskilningi, að Morgunblaðið hafi verið allsráðandi í því húsi enda blasti titill blaðsins við efst á framhlið hússins í auglýsingaskyni. Af átta hæðum í húsinu hafði Morgunblaðið um tvær og hálfu hæð og kjallara til afnota fyrir sig. Á hinum voru aðalstöðvar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambands Ísl. fiskframleiðenda, Skreiðarsamlagsins, lögfræðinga og heildsala.

Strax í vikunni á eftir var ég kominn í starf sem sendisveinn á afgreiðslu Morgunblaðsins og framundan voru breytileg, lærdómsrík verkefni, sem leiddu mig smám saman á braut blaðamenskunnar. Fyrsta morguninn var mér reyndar sagt að fara með vatn í fötu og þvottakúst út í Aðalstræti til að þvo stóra gluggann á afgreiðslu auglýsingadeildarinnar nyrst á jarðhæðinni. Í honum var jafnan málverkasýning á þessum árum og hinir ýmsu myndlistarmenn kynntir þar til sögunnar með einni eða tveimur myndum. Starf mitt á afgreiðslunni var fyrst og fremst fólgið í því að hjóla út með “kvartanir” eins og það var kallað, til áskrifenda, sem ekki höfðu fengið blaðið sitt með skilum um morguninn. Þeir hringdu þá misúrillir og kvörtuðu við afgreiðslustúlkurnar. Við vorum þarna nokkrir strákar að sendast en auk þess að fara með kvartanir vorum við að pakka inn blöðum til þeirra sem fengu þau sérsend í pósti. Nöfn og heimilisföng viðtakenda voru stimpluð á pappírblað, lími klínt á jaðarinn á pappírblaðabunkanum, hverju einu eintaki af blaðinu rúllað inn í umbúðirnar og strokið yfir líminguna. Það



Blaðamennirnir Þorsteinn Ó. Thorarensen og Matthías Johannessen á fréttavaktinni á Mogganum í Austurstræti 8.



Gamalt hús í Aðalstræti 6 hvarfúr götumyndinni.....



..... en í staðinn kom glæsilegt átta hæða hús, sem kallað var Morgunblaðshöllin.

var mikið rúllað og límt þegar vikuágripidið af Morgunblaðinu, Ísafold og Vörður, kom úr prentvélinni og var sent kaupendum, sem einkanlega voru bændur í sveitum landsins og helst stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins í ofanálag. Það koma líka í minn hlut að hlaupa í skarðið við útburð blaðsins til áskrifenda ef blaðburðarbörnin veiktust. Til dæmis fékk ég það hlutverk um þriggja vikna skeið að bera blöð til áskrifenda í húsum í Norðurmýrinni. Greinilegt var að blaðið hafði mikla útbreiðslu og tryggja kaupendum. Morgunblaðið kostaði kr. 30.00 á mánuði í áskrift og í lausasölu kr. 1.50. Það var selt í bókabúðum og sjoppum en Óli blaðasali og blaðsölustrákar tóku það enn til lausasölu á götum úti í miðbænum og í fyrirtækjum þar ásamt hinum blöðunum: “Morgunblaðið, Tíminn, Alþýðublaðið og Þjóðviljinn” sungu strákarnir hver með sínu nefi í ákveðnu hljómfalli. Svo tók Vísir við síðdegis.

Stöku sinnum var ég í einhverju snatti fyrir Sigfús framkvæmdastjóra, t.d. við að slá blettinn heima hjá honum á Víðimelnum eða að fara í sendiferðir fyrir Ólöfu Pálsdóttur, myndhöggvara, konu Sigurðar Bjarnasonar ritstjóra. Þau bjuggu á Öldugötunni, í næsta nágrenni við blaðið. Aðalsteinn Ottesen var

afgreiðslustjóri. Hann kunni vel við sig í sínum ungmeyjafans í afgreiðslunni og rak á eftir okkur strákunum þegar þurfa þótti. Ottesen, eins og hann var alltaf kallaður, hafði þá verið “giftur Morgunblaðinu” í rúm 40 ár, byrjað þar 17 ára gamall árið 1915 og starfað þá í ritstjóratíð Vilhjálms Finsen, stofnanda blaðsins, þegar Mogginn var tveggja ára.

Ottesen kunni alla sögu blaðsins og rifjaði t.d. upp fyrir okkur þegar hann fór með blaðið á sleða fótgangandi suður í Hafnarfjörð ef ekki var hægt að flytja það á hestakerru vegna snjóá. Sem afgreiðslumaður fór Ottesen fyrr á árum iðulega með blaðasendingar niður að höfn til að kanna hvort ferð félli með einhverjum fiskibátum til ákvörðunarstaða úti á landi. Það féll aldrei dagur úr hjá Ottesen. Hann þakkaði það hvítlauknum sem hann hámaði í sig sér til heilsubótar. Hann var alla tíð einstaklega skyldurækin við blaðið og lipur við viðskiptamenn þess, kátur og hláturmildur. Haraldur Richter hét annar lágvaxinn maður á sjötugsaldri, sannkallaður nátthrafn sem hafði þann starfa hjá Morgunblaðinu í marga áratugi að taka nýprentuð blöðin frá prentvélinni og vinna að innpökkun fram eftir morgni en selja auk þess blaðið vegfarendum út um lúgu á Aðalstrætisglugganum á laugardagskvöldum. Í



Markaðstorg blaðasölnunnar. Strákarnir mættir á Lækjartorgi til að selja dagblöðin snemma á sólfögum morgni. Þeir hrópuðu nöfn blaðanna og voru í kapphlaupi um kúnnana, sem voru á leið til vinnu.

gegnum Morgunblaðslúgu hafði Halli áður fylgst með næturlífinu úr gamla Ísafoldarhúsinu í Austurstræti. Þegar hann talaði um strákana sína heima, gat maður haldið að hann væri einstæður faðir með kornunga syni á framfæri sínu. En strákarnir keyrðu vörubíl á Þrótti og bjuggu ennþá heima hjá pabba inni í Langholti, þar sem þeir feðgar höfðu hænsnakofa og seldu egg. Halli gat verið ísmeygilegur í umsögnum sínum um vinnuveitandann: “Ætli þeir hafi ekki fengið Marshall-aðstoð frá Washington til að kaupa þessa nýju prentvél, helvítin á þeim?” var dæmigerð spurning af hans vörum.


Halli Richter þurfti að fara í sumarfrí og var ég beðinn að taka að mér verkefni hans í einn mánuð eða svo á miðju sumri. Þar með var ég kominn í næturvinnu, 14 ára guttinn og lét mér vel líka. Vikurnar næstu vann ég því að “myrkraverkum í undirheimum” Morgunblaðshússins, í kjallaranum sem dagsbirtan braust aldrei inn í en angaði af blýi, pappír og prentsvertu. Þarna stóð prentvélin, sem sett var í gang á tímabilinu frá kl. 01-02. Þetta var ný Goss-hraðpressa, sem spýtti út úr sér 250 blöðum á mínútu, yfirleitt 16 eða 24 síðna blöðum, sem hægt var að prenta með einum aukalit og stundum var notaður í auglýsingar, ramma utan um greinar eða stakar fyrirsagnir, oftast bláar. Var þetta mikil breyting frá prentuninni í gömlu pressunni í Ísafoldarhúsinu, sem afkastaði rúmlega 3000 eintökum á klukkustund. Upplagið nú var um 25 þúsund þannig að með hléum til að setja upp nýjar pappírsrúllur var nýja vélin í notkun rúmar tvær klukkustundir að undanskildum útkomudegi Ísafoldar & Varðar, þegar prentuð voru tæplega 5000 eintök af því blaði aukalega.

Fljótlega fór ég að leggja það í vana minna að mæta til vinnu rétt fyrir miðnætti og fylgjast með á miklum annatíma í setjarasalnum. Þá var verið að leggja síðustu hönd á setningu fréttar, raða upp “satsinum” með fréttatextunum steiptum í blý ásamt myndamótum í formin fyrir útsíðurnar. Loftið var oft rafmagnað þegar stórtíðindi höfðu gerst. Sunnudagsblaðið var prentað síðdegis á laugardegi.

Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Sigfús var einstakur sómamaður og traustur leiðtogi, sem starfsmenn báru mikla virðingu fyrir.




Aðalsteinn Ottesen t.v. á spjalli við gamlan starfsfélaga.



Nýja hraðpressan tilbúin til að hefja prentun blaðsins.

Uppi á ritstjórninni, á hæðinni fyrir ofan voru tveir blaðamenn á vakt að leggja síðustu hönd á innlend og erlend fréttaskrif. Prófarkalesari á ritstjórninni fékk afrit af öllum nýsettum fréttum úr setjarasalnum, og skilaði þeim leiðréttum til setjaranna, sem sátu við og pikkuðu á leturborðin á Linotype-vélunum. Línur með leiðréttingum í próförkinni voru settar upp á nýtt og skipt út fyrir þær gömlu í “satsinum”. Þá kom í ljós hvað hinir gömlu og reyndu prentarar voru flinkir við að lesa þessa spegilskrift sem textalínurnar úr blýi voru. Hverri frétt, hverri blaðgrein í blýi var raðað í dálkum á lítinn bakka meðan hún var til vinnslu, línur í dálksbreidd svo tugum eða hundruðum skipti.



Setjarinn sat við lyklaborðið t.h. og skráði textann. Vélin raðaði stafamótum í línulengd. Línurnar steypar í blý og komu á bakkann t.v.



Prentari leiðréttir texta með því að stinga inn nýjum línunum úr blýi. Prentarar voru yfirleitt mjög vel að sér í íslensku og fjölfróðir þannig að þeir leiðréttu marga vitleysuna, sem blaðamenn höfðu skrifað í handritin. Þannig var oft komið í veg fyrir bommertur og leiðindi.

Það yrði stórslys við að missa bakkann því að þá hrukku þessar blýsteypu línur út um öll gólf og ekki fyrir nokkurn mann að koma þeim aftur í rétta röð. Betra að setja allan textann upp á nýtt. Þetta var afar fróðlegur kvöldskóli í gerð dagblaðs, sem ég var kominn í. Blaðmennirnir Atli Steinarsson eða Þorbjörn Guðmundsson sáu um hönnun blaðsins í prentsmiðjunni, ákváðu stærð og gerð fyrirsagna, uppröðun mynda og aðra


útlitsþætti. Hönnunin var unnin af fingrum fram en þeir félagar höfðu haft tækifæri til að kynna sér uppsetningu dagblaða erlendis, m.a. hjá Berlingske Tidende í Kaupmannahöfn.

Prentararnir Samúel Jóhannsson, Gunnar Hannesson eða Þórir Þorsteinsson önnuðust uppsetningu og sáu um að “loka blaðinu” með þeim Atla og Þorbirni. Fyrirsagnir voru settar með höndunum, þ.e. stafamótin valin af mismunandi leturgerðum og stærðum og raðað upp í orð í málmramma, sem þjónaði sem steypumót. Þegar blýtexta, fyrirsögnum og myndamótum hafði verið raðað saman í form í blaðasíðustærð var tekið afþrykk af tveimur og tveimur síðum á vaxborna pappabynnu sem lögð var ofan á þær og öllu klabbinu síðan rennt undir rafknúna rullu, sannkallaða þrykkivél, sem valtaði með ofurbunga yfir pappabynnuna, sem nefnd var “madressan” og lá ofan á blaðsíðuforminu. Þannig var

hver einasti stafur og hver einasti punktur í myndamótinu mótaður skýr og greinilegur í pappann. Þessi pappabynna var síðan tekin og snurfursuð í steypuherbergi niðri í kjallaranum, klínt á hana þar til gerðum pappírsræmum til að forðast misfellur. Hún átti að verða mót fyrir nýjan blýhólk, sem settur yrði á sívalning í prentvélinni ásamt 8 -10 öðrum. Síðan var pappírsþynnan sett í þurrkvél og kom út úr henni sívalningslaga eftir skamma stund. Þá var hún orðin að steypumóti. Hans Þóroddsson og Sveinn Óskarsson unnu við að steypa hólkana. Hansi, sem í daglegu tali var oft eingöngu nefndur “Thoroddsen”, var sannkallaður blýmeistari, bæði hjá Mogganum og í Ísafoldarprentsmiðju í Þingholtsstrætinu. Hann var jafnan íklæddur gráum samfesting með gráa derdúfu, lágvaxinn og þeirrar gerðar að eftir honum var tekið þegar hann hljóp við fót eftir strætum miðbæjarins milli prentsmiðja.

Þegar Hansi steypiti hólkana í prentsmiðjunni var það gert í sérstakri maskínu sem dældi fljótandi blýinu inn í pappamótið. Til að opna fyrir blýstrauminn úr bræðslupottinum þurfti að toga niður langa og þunga stöng sem stóð út úr tækinu. Það var skemmtiatriði út af fyrir sig að horfa á Hansa, lágan í loftinu og lauféttan, takast á við stöngina, reyna að vega sig upp og hanga í henni spriklandi í lausu lofti án þess að hún haggðist. En á endanum gaf stöngin eftir og seig niður. Um leið opnaðist fyrir flóðgáttirnar og Hansi lenti aftur á gólfinu mjúkri lendingu. Nú urðu til blýhólkar hver af öðrum með tveimur síðum hver af blaði morgundagsins. Þegar búið að var snyrta þá í fræsara eftir steypuverkið var þeim smellt upp á sívalninga á prentvélinni. Heilt kerfi af sívalningum og rúllum á prentvélinni sá til þess að hólkarnir voru smurðir með prentsvertu og lesefnið og myndirnar þrykkta á dagblaðspappírinn, sem rann á miklum hraða í gegnum vélina af stórum pappísrúllum.


Allir pappírsstrangarnir lögðust svo saman fremst á vélinni og þar komu út úr henni á flæribandi hin fullsköpuðu blöð sem ég tók á móti eins og ljósmóðir við óvenjulega



Setjaravélarnar voru í gangi daglangt og fram yfir miðnætti.



Samúel Jóhannsson að setja uppsettar síður í blýi til síðustu meðferðar áður en þær voru steyptar sem blýhólkar og fóru inn í prentvélina.



Sveinn Óskarsson vann við að fræsa og fínþússa blýhólkana svo að ekki kæmu fram einhverjar klessur eða aðrir áferðargallar í prentuninni.

flairburafæðingu. Hvert 50. blað lagðist skakkt á færibaldi þannig að ég gat smeygt lófanum undir það og tekið 50 blaða bunka í einu og staflað á lítinn vagn, sem notaður var til að flytja nýprentuð blöðin inn í pökkunarherbergið skammt innar í kjallaranum. Þetta var ekki mjög heilsusamlegur vinnustaður. Prentsvortuflýksurnar svifu í loftinu eins og risavaxnar flugur og rötudu oft beinustu leið inn um öndunarfærin. Maður snýtti svörtu. Loftræstingin var æði misjöfn. Hið næsta vélasalnum var rykugt, ómálað geymslurými. Að sjálfsgöðu var engin dagsbirta á hinum björtu sumarnóttum í þessu neðanjarðarbyrgi en góð flúorsentljós. Pressumennirnir þeir Guðbjörn Guðmundsson, Ólafur Magnússon og Hilmar Þórðarson önnuðust vel prentvélinu sína, þrifu hana og smurðu á daginn og gættu þess vel að prentunin væri af viðunandi gæðum meðan þeir stóðu næturvaktirnar. Oft reyndist erfitt að ná tilætlaðum árangri en ekki allt á valdi þeirra. Sérstaklega átti það við um myndaprentunina sem háð var mismunandi gæðum frummyndanna og svo myndamótunum, sem virtust ekki gerð eftir neinum gæðastaðli, heldur háð algjörum tilviljunum á því herrans ári 1957.

Eftir að prentun blaðsins var lokið tók ég fram nestið mitt og spjallaði við samstarfsfólkið við pökkunina framundan. Það voru Lauga og Leifur, sem sögðu mér til. Hún var fullorðin, lágvaxin kona með herðakistil, sem ég var oft hræddur um að myndi ofgera sér í glímunni við þessa stóru blaðapakka sem verið var að búa út til sendingar til umboðsmanna blaðsins úti um land. En Lauga afþakkaði alla aðstoð, brá krossbandinu fimlega utan um þessa þungu böggla, sem síðan voru merktir viðkomandi umboðsmanni áður en sendimennirnir, Jón eða Doddi, tóku þá til flutnings niður að Flóabátnum Akraborg vegna ferða á Akranes og í Borgarnes, BSÍ eða Flugfélag Íslands. Mogginn barst í flesta landshluta samdægurs. Þegar næturvaktinni var lokið gekk ég út í morgunsólina um sjöleytið, labbaði mannlaust Hafnarstrætið á enda og tók strætó Bústaðahverfi- hraðferð, leið 18, heim að sofa.

Uppi undir risi í framhúsinu í Aðalstræti 6 var kompa sem Ottesen notaði sem geymslu fyrir gömul Morgunblöð. Það voru að sönnu ævagömul blöð, því að þarna lágu meira að segja enn nokkur eintök af allra fyrstu tölublöðum Morgunblaðsins frá árinu 1913. Svo fjölgaði eintakafjöldanum eftir því sem leið á öldina og fram til samtímans. Verkefni mitt seinni part sumars var að sortera þessi gömlu blöð og raða þeim í hillur og merkja. Hvort þetta var tímabundin atvinnubótavinna eða hvað, skal ósagt látið. En þarna uppi undir þaki fékk ég að sýsla án þess að nokkur væri að hafa áhyggjur af og voru þetta miklar unaðsstundir. Í einrúminu gat ég flett í þessum gömlu blöðum að vild og numið býsna mikinn fróðleik úr sögu 20. aldarinnar. Blöðin úr seinni heimsstyrjöldinni þóttu mér mest spennandi lesning og frásagnir af stjórnmálaþróun á Íslandi fyrir stríð og á lýðveldistímanum. Ottesen kom örsjaldan að trufla mig, en ég sá til þess að eitthvað bættist daglega við skipulagða og stokkaða blaðabunkana í hillunum.

Mörg gullkornin leyndust á síðum Morgunblaðsins frá fyrstu árum þess. Var fræðandi og skemmtilegt að fletta þessum gulnuðu blöðum. Í upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar var hinn víðförlí General Staff, þ.e. Staff hershöfðingi, kominn á fleygiferð á milli landa og heimsálfa og olli lesendum heilabrotum. Gott ef General Staff gekk svo ekki aftur í íslenskum fjölmiðlum í seinna stríði. Í nóvember árið 1914 birtist stórbrotin fyrirspurn til blaðsins frá lesanda, sem og fylgdi svar blaðsins með. Þarna var verið að fjalla um greinaskrif í dagblaðinu Vísi án þess að nefna það á nafn fyrir kurteisissakir,

Fyrirspurn. Hver er General Staff?

“Í blaði einu á sunnudaginn stendur, að hinn þekkti tyrkneski General Staff hafi brotist með her manns inn á Egyptaland og er bætt við að kona hans og dóttir séu í för með honum. En fyrir liðugum hálfum mánuði stóð að samnefndur General, rússneskur, Staff, væri önnur kafinn við undirbúning innrásar Rússa

Fréttir í öndvegi frá fyrstu tíð

í Austur-Prússland. Og við og við skýrir sama blað frá, að hinn frægi þýski General Staff sé nú kominn til framfylkinganna, eða hafi aðsetur sitt í þessum og þessum bæ. Má ég því leyfa mér að spyrja yður, háttvirtu herra ritstjóri: Er þessi tyrkneski General Staff skyldur hinum rússneska General Staff og er sá þýski General Staff kannske bróðir þeirra? Eða er þessi General Staff ekki neinn General Staff, því ekki sést í nokkru innlendu eða útlendu blaði (ekki einu sinni „Times“) getið um neinn tyrkneskan, rússneskan eða þýskan General Staff. Má ég því biðja yður að fletta ofan af þessum leyndardómsfulla herra: hinum þekktu, fræga, tyrkneska, rússneska, þýska General-Generalissimus S-t-a-f-f-. — Júlíus

-Eftir tilmælum ritstj. svara ég fyrirspurn hins fróðleiksfúsa herra Júlíusar. Misskilningur sá í nefndu blaði, sem ræðir um í fyrirspurninni, mun „staffa“ af því að enskukunnátta blaðsins er dálítið ábótavant. „General Staff“ þýðir herforingjaráð en ekki Staff hershöfðingi. En það er nú svo sem enginn munur!! Staff er því hvorki rússneskur, tyrkneskur eða þýskur, heldur er hann skilgetið barn dagblaðsritstjórans, er hann hefur getið með einhverjum þeirra er við blaðið starfar. Þó er talið líklegt að hann sverji fyrir Staff litla. Filurius.”

Næsta sumar fékk ég áfram vinnu á Morgunblaðinu og nú var ég settur í sumarafleysingar fyrir Kristján Sólmundsson, sem sá um klissjusafnið, þ.e. innpökkun og skráningu á myndamótunum, sem notuð höfðu verið í hverju nýútkomnu blaði. Tekin var úrklippa af viðkomandi mynd í blaðinu og myndamótinu pakkað inn í hana, dagsetningin skráð og myndamótin sett í merktar skúffur. Þetta var sérstaklega brýnt varðandi mannamyndirnar, sem voru notaðar aftur og aftur. Einnig var töluvert um að tímarit og önnur blöð fengju myndamótin lánuð. Þau voru býsna dýr. Nú hafði ég aðsetur uppi á ritstjórninni og var kominn í meiri nálægð við blaðamennina og störf þeirra. Ég leysti líka stundum af sendisveinana, sem voru á dag- eða





Ljósmyndari Mbl. Ólafur K. Magnússon, sem kenndi mér undirstöðuatriði í myndatöku og framköllun.

kvöldvakt á ritstjórninni. Á dagvaktinni var meðal brýnustu viðfangsefna að skreppa út í sjoppu í Fjalakettinum og kaupa kók og sígarettur fyrir blaðamennina áður en þeir færu á ritstjórnarfund, sem byrjaði kl. 13.30. Um kaffileytið var svo hlaupið út í Björnsbakarí í Hótel Vík og keypt vinarbrauð eða kambar. Á kvöldvaktinni var farið á Kaffi Höll eða Gildaskálann og keyptir matarskammtar fyrir þá blaðamenn sem voru á kvöldvaktinni. Sumir létu sér nægja eina eða tvær pylsur frá Pylsuvagninum í Tryggvagötu. Inn á milli var farið með ljósmyndir upp í Prentmyndir í bakhúsi á Laugavegi 3. Þar voru Páll Finnbogason og starfsmenn hans að yfirfæra ljósmyndir á sinkplötur með ljósnæmri húð. Plöturnar voru síðan framkallaðar og baðaðar upp úr alls kyns sýrum þannig að fram spruttu

ótal örsmáir punktar, misgísni þó eftir því hve ljós eða dökkur myndflöturinn átti á vera. Eftir þessum plötum voru myndirnar í blaðinu prentaðar. Mér fannst alltaf forvitnilegt að heimsækja ýmsa af forystumönnum Sjálfstæðisflokksins, þegar mér var falið að skutlast heim til þeirra með prófarkir til yfirlestrar af greinum eftir þá, sem birtast áttu í Morgunblaðinu. Sumir þeirra voru einnig tíðir gestir á ritstjórninni þar sem þeir lásu prófarkirnar yfir. Hin sterku tengsl Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðsins birtust m.a. í því að ekki var óalgengt að tveimur eða þremur síðum í blaðinu væri spanderað undir þingræður ráðherra flokksins eftir mikilvægar eldhúsdagsumræður á Alþingi. Pétur Ottesen, hinn aldni þingskörungur, kom oft í kvöldheimsókn á ritstjórnina, bara til að spjalla um daginn og veginn og fylgjast með fréttunum.

Sumarið 1958 leið við áframhaldandi aðstoðarstörf á ritstjórninni. Með tíðum kvöldheimsóknum á ritstjórnina meðan ég var í skóla yfir veturinn hafði mér tekist að afla mér nokkurrar færni í að taka ljósmyndir. Þetta gerði ég með því að prófa myndavélar sem geymdar voru inni á vinnustofu ljósmyndarans, Ólafs K. Magnússonar. Þetta voru Rolleiflex og Contax 35 mm og fylgdi henni allgóð aðdráttarlinsa. Sjálfur notaði Ólafur aðallega feiknafína nýja Leica M3 35 mm vél. Þarna var líka völdugt Braun-flasstæki sem ég notaði óspart við æfingar mínar. Því miður kom það fyrir að tækið var ekki búið að hlaða sig að nýju, þegar Ólafur birtist einu sinni og þurfti nauðsynlega á því að halda og fékk ég þá ærlegar skammir fyrir enda fullkomið ábyrgðarleysi að umgangast ljósmyndataekin eins og ég gerði. Ég sótti meira að segja í mig veðrið og fór að framkalla myndir og stækka þær í myrkraherberginu þegar ég var í þessum kvöldheimsóknum á ritstjórninni og Ólafur víðs fjarri. Seinna fór Óli að segja mér til.

Ekki fór á milli mála að ég var smitaður af blaðamannsbakteríunni og ágerðist sóttin með hverjum mánuði sem leið. Ólafur K. var eini ljósmyndari blaðsins og manna viljugastur

en þurfti einhvern tímann að eiga frí. Í stað þess að trufla hann sýknt og heilagt voru blaðamennirnir farnir að biðja mig að skreppa með myndavélina í hin veigaminni verkefni að kvöldlagi og um helgar. Það sannaðist oft á mér, að menn læra af mistökunum. Stundum var afraksturinn af þessum íhlaupum mínum undir væntingum. Ég tók myndir af Geir Hallgrímssyni, borgarstjóra, þegar hann veitti Oslóartrénu viðtöku á Austurvelli 1959. Vangamyndirnar voru mýmargar af Geir en hann var með lokuð augu á þeim öllum. Ólafur ljósmyndari stækkaði eina þeirra og sagði að nú yrði að gera kraftaverk. Vinstra auga Geirs skyldi opnað! Tók Ólafur sig til og setti hvítan punkt með tússi úr grönnum penna á vinstra augnlokið á Geir. Til að bæta um betur setti hann einhvern lit í augabrúnirnar á borgarstjóranum. Árangurinn af þessu birtist í blaðinu daginn eftir og var álíka hrollvekjandi og myndskreyting við sögur af uppátækjum Frankensteins. Glöggir lesendur blaðsins gátu ályktað að “augað” lægi utan á augnlokinu. Myndin hefði sómt sér vel í virtum læknatímaritum til að lýsa misheppnuðustu lýtalækningum aldarinnar. Til allrar furðu hringdi þó enginn á blaðið til að spyrja hvort eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir Geir.

Það var mikið tilhlökkunarefni að skreppa með Ólafi til að fylgjast með honum í myndatökum. Ég fylgdi honum t.d. út á Reykjavíkflugvöll, þegar “Leifur Eiríksson” fyrsta DC6-B flugvél Loftleiða kom til landsins að kvöldi 21. desember 1959, stærsta flugvél Íslendinga, sem tók 80 farþega. Það voru slæm birtuskilyrði við afgreiðslu Loftleiða þar sem vélinni var rennt í hlað. Ólafur átti það ráð við því, að láta myndavélina standa opna á þrífæti meðan hann sjálfur hljóp um með flass-tækið og hleypti af í gríð og erg. Lýsti flugvélina þannig upp en gætti þess að fara hratt yfir svo að hann festist ekki sjálfur á filmunni. Árangurinn var prýðisgóð mynd af hinni glæsilegu flugvél, upplýstri með skærum ljósum á flugvélastæðinu. Prýddi hún forsíðu Morgunblaðsins daginn eftir, fimm dálkar að stærð. Hlaup Ólafs með leifturljósið höfðu borið árangur.



Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins var hollvinur Morgunblaðsins. Kærleikurinn var algjörlega gagnkvæmur.

Myndavélarnar hjá Morgunblaðinu voru ekki af verri endanum. Ég notaði mikið nýlega vesturbýska Rolleiflex, sem auðvelt var að stilla til að ná skörpum myndum. Ólafur fékk nýja Leica 3 sem var líka vesturbýskur eðalgripur. Henni fylgdi góð aðdráttarlinsa.



Mér lærðist fljótt að fréttamyndin varð ekki einvörðungu til við myndatöku á vettvangi. Vinnslan í myrakraherberginu, ekki síst val myndskurðarins milli aðalatriða og aukaatriða í stækkunarvélinni gat skapað ógleymanlega uppsláttarmynd úr tiltölulega látlausu hráefni. Þetta varð mér vel ljóst þegar ég var viðstaddur komu togarans Úranusar úr skipskaðaveðrinu mikla við Nýfundnaland í janúar 1960. Á forsiðu blaðsins birtist mynd af skipastjórafrúnni, sem “tók manni sínum og áhöfn hans opnum örmum” eins og stóð í myndatexta. Hún hafði reyndar teyggt fram hendurnar til að þiggja aðstoð tveggja skipverja sem réttu út hendur sínar til að kippa henni um borð. Höndum þeirra var sleppt við stækkun myndarinnar og gaf það myndinni aukið vægi og hið sanna “human touch”, sem Matthías, ritstjóri lagði svo oft áherslu á.

Úranus hafði naumlega bjargast af Nýfundnalandsmiðum eftir fárviðri mikið og gífurlega ísingu. Leit úr lofti bar ekki árangur dögum saman en um síðir sáu flugmenn frá varnarliðinu móta fyrir skipinu á heimleið í rökkrinu á hafinu suðvestur af Íslandi. Var það ljóslost og senditæki þess voru biluð. Morgunblaðið fékk filmu með ljósmyndum varnarliðsmanna af skipinu til birtingar og gat

Ólafur náð fram og lagfært mjög dramatíska mynd af Úranusi úti á ólgandi sæ af næstum því glærri filmunni.

Óli K. hafði það á hreinu hvernig taka skyldi myndir af útifundum eftir því hvaða stjórnmálahreyingar áttu í hlut. Slíkir fundir fóru oft fram í porti Miðbæjarbarnaskólans. Ef það var Sjálfstæðisflokkurinn sem hélt fundinn var myndin tekin út eftir portinu rétt í höfuðhæð fundarmanna þannig að hópurinn virtist stór og samþjappaður. Ef andstæðingarnir funduðu var gjarnan farið upp á Laufásveginn, staðið mun hærra en fundarmenn og myndin tekin inn eftir portinu í áttina að skólanum svo að sjá mætti hvað hópurinn var gisinn. Þegar ég fór að taka loftmynd af Keflavíkurgöngu suður á Strandarheiði í júní 1960, það ég flugmanninn að fara næstum í skýjahæð á ömurlegum rigningardegi. Þar var hið rétta pólitíska sjónarhorn til að taka myndina af göngu herstöðvaandstæðinga sem var mjög fyrirferðarlítill að sjá í viðáttunni umhverfis.

Þetta skilaði þó ekki tilætluðum árangri vegna slæms skyggis. Ég var með Magnúsi Þórðarsyni, blaðamanni, í þessum leiðangri og eftir að við lentum aftur ókum við til móts við göngumenn suður í Kúagerði og filmuðum þá í bak og fyrir. Voru það fagnaðarfundir, því að Magnús átti þar marga vini og kunningja. Meðal þeirra var Jón Böðvarsson, síðar cand.mag. og skólameistari. Ég tók mynd af Jóni Bö. þar sem hann saup Kóka Kóla fyrir utan tjald þeirra göngumanna í áningarstað og var það merkt U.S. og hafði greinilega verið fengið hjá Sölunefnd varnarliðseigna.

Í grein sinni undir fyrirsögninni “Göngugerpla” í blaðinu þriðjudaginn 21. júní 1960 skrifaði Magnús eftirfarandi texta með myndinni af Jóni: “Vestræn menningaráhrif á Suðurnesjum: Fyrirverandi form. Æskulýðsfylkingarinnar neytir Coca Cola fyrir utan ameríska hertjaldið. — í bílunum glumdi Keflavíkurlútvarpið.” “Eitthvað gott geta allir haft af Kananum”, varð manni hugsað. Löngu seinna vildi Jón

24 síður

Morgunblaðið

41. Argungur 16. Okt. — Fimmtudagur 14. Janúar 1960 Framtíðin Morgunblaðin

Úranus fundinn og skipshöfn hans heil á húfi

Fagnaðarbylgja fór um Reykjavík, er gleðiféðindin bárust

„Almáttugur guð, hvað maður er búinn að vera hræddur...“

Senditæki tognans vonu biluð

ÚRANUS ER FUNDINN! Ég var að bláða á sumu leið kjógnarflugveginnar við Funnúsi guða mína á stöðinni. Það er allt í lagi kja þetta á Úranusi samt til stöðna. Þetta er á höfðinu þess.

Berndur frá 1961. Húsi mána stjórnmálaki á vísingunni í þessu. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni.

Hvað maður er búinn að vera hræddur

Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni.

Heit fagnaðarbylgja

Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni.



Móttökutæki Úranusar virk en senditækin ónothæf

Samtal við íslensku leitarmennina

Samtal við leitarmennina

Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni. Þetta er skammt frá þessu og er sanna á vísingunni.


Fréttir, 16. Okt. 21.



Filman var sett í stækkunarvélina og lýst í gegnum linsur sem stækkuðu myndina og vörpuðu henni á ljósnæman pappír.

Stækkunarvélin í myrakraherberginu var notuð á rauðu ljósi.


Böðvarsson skýra þetta þannig fyrir mér að skammstöfunin U.S. hefði staðið fyrir nafn samtakanna, “Ungir Sósíalistar”. Hefði þetta verið algeng merking á tjöldum og öðrum útilegubúnaði félagsskaparins!



Áteknar filmurnar voru þræddar í myrkri upp á spíral og hann settur í þéttlokaða dós. Framköllunaryökkvum hellt í dósina. Framkölluð filman þurrkuð og sett í stækkunarvélina.



Ljósnæmur pappír var settur í stækkunarvélina og síðan í framköllunaryökkva.



Myndirnar voru hengdar upp til þerris en oftast voru þær sendar hálfblautar í myndamótagerðina. Tímappressa var yfirleitt mikil þegar ljúka þurfti undirbúningi næsta blaðs.

Horft út í heim

Erlendar fréttir til Morgunblaðsins bárust á fjarritum frá fréttastofum Reuters og Associated Press í London sem komu um fjarrita frá móttökustöðinni í Gufunesi. Bein móttaka úr loftinu var á fréttum NTB í Noregi. Þær voru skráðar sjálfvirkt á mjóar og langar bréfræmur, sem runnu í gegnum skráningartæki er umbreytti morse-táknunum í bókstafi og orð. Þessar fréttir frá NTB, bæði alheimsfréttir og innlendar fréttir frá Noregi, voru ætlaðar norsku blöðunum og útvarpi en íslensku fréttamiðlarnir höfðu líka aðgang að þeim í anda velvilja bræðraþjóðarinnar í garð okkar Íslendinga. Árituðu pappírsmurnar runnu í tágakörfur af allra stærstu gerð og voru þær bornar fullar inn til blaðamanns á erlendiri vakt sem lét ræmurnar renna um lær sér meðan hann las og þýddi textann og skráði hann á ritvélina. Reuters og AP- fréttirnar voru aðgengilegri því að þær komu eins og vélritaðar á fjarrita, teleprinter, en oft urðu truflanir í móttöku til að valda mikilli bjögun og þurftu glöggir menn þá að ráða í meininguna þar sem á bjátaði.

Helstu fréttatímar BBC voru teknir upp á segulband úr vönduðu stuttbylgjutæki í fjarskiptaherbergjum ritstjórnarinnar, aðallega BBC European Service kl. 17.30 sem hófst á hinu drungalega V-merki sem barið var á pákur eftir morsemerkinu, þrjú stutt og eitt langt, sigurmerki Churchills úr stríðinu. Manni varð hugsað til þeirra, sem höfðu með leynd reynt að hlusta á þessar sendingar á yfirráðasvæðum nasista í stríðinu og svo þeirra í Sovétríkjunum og leppríkjum þeirra í Austur-Evrópu, sem á þessari sömu stundu voru að leitast við að fá réttar fréttir af heimsviðburðum, við ramman leik þó, því að hlustun á erlent útvarp varðaði við lög og gat komið mönnum í fangelsi. Yfirvöldin sendu líka

út truflanir, sem hljómuðu eins og rafmótorar yfir tíðnisvið fréttasendinganna í austanverðri álfunni og spilltu líka fyrir hlustun vestur um Atlantshaf hjá okkur. Klukkan 18 var svo hlustað á fréttir BBC World Service. Einnig voru kvöldfréttir Ríkisútvarpsins teknar upp.

Til að annast umsjá með þessum tækjum, stilla þau, skipta um pappírsmurnur á fjarritum og taka upp útvarpsfréttir á segulband var sérstakur starfsmaður, Guðmundur Eyþórsson, sem verið hafði loftskýtamaður á Hafnarfjarðartogurunum. Hann mætti til vinnu síðdegis og byrjaði vaktina á því að skrifa nokkrar stuttar fréttir úr Hafnarfirði, gjarnan um aflabrogð togaranna, því að hann var jafnframt fréttaritari Morgunblaðsins þar í bæ. Guðmundur var einstaklega fær í vélritun og var óvanalegt að sjá karlmann vélrita af slíkri hæfni í þá daga, fullkomlega blindandi og í samræmi við viðurkennda fingrasetningu. Oft leysti ég Guðmund af þegar hann var í fríi. Þá lærði ég á segulbandstækið og æfðist nokkuð í að hlusta á ensku fréttirnar og lesa fréttaskeytin ensku og norsku, sem ég var að taka á móti. Blaðamennirnir voru samankomnir við tækið til að hlusta á kvöldfréttir Ríkisútvarpsins. Þá ríkti töluverð spennan yfir því hvort útvarpið segði tíðindi, sem Morgunblaðið ætlaði að birta sem áberandi frétt morguninn eftir. Minnst ég þess þegar Matthías Johannesson, þá nýorðinn ritstjóri, sagði eftir einn fréttatímamann:” Mikið er þetta alltaf slappt hjá þeim, blessuðum. En við skulum ekki fara að skamma þau í Velvakanda eða annars staðar í blaðinu. Þá taka þau sig kannski á.”

Stundum kom það fyrir að fréttasamband við útlönd lá niðri, jafnvel sólarhringum saman vegna truflana á móttöku stuttbylgjusendinga, sérstaklega þegar mikil sólgos stóðu yfir.

Fjarritarnir skiluðu einu og einu læsilegu orði en óskiljanlegu bulli þess á milli. Lítið eða ekkert heyrðist í erlendum útvarpsstöðvum. Þá kom sér vel að geta gripið til erlendra blaða, sem komu tiltölulega fersk í flugpósti. Helstu dagblöð Norðurlanda, bresk, amerísk og þýsk blöð lágu frammi á löngu borði á ritstjórnarganginum. Til þeirra var oft gripið um ítarefni eða til greinabýðinga, og myndir voru stundum klipptar út til endurprentunar.

Eitt kvöldið þegar ég var í heimsókn niðri á Mogga fór ég að spreyta mig á að þýða stutta frétt úr danska dagblaðinu Dagens Nyheder, sem lagði reyndar upp laupana 1961. Þar var skemmtileg frásögn af því að hr. Chalk, amerískur milljónamæringur, ætlaði að festa kaup á öllu jarðlestakerfi New Yorkborgar og reka það sem einkafyrirtæki í stað þess að borgarsjóðurinn stæði áfram undir stórfelldum hallarekstri af þessari tegund almenningsamgangna. Í lokin klykkti Dagens Nyheder út með því að það væri sennilega ekki galin hugmynd að fá þennan ameríska auðjöfur til að taka að sér rekstur spurvagnanna í Kaupmannahöfn. Ég staldraði við þetta atriði og fannst rétt að staðfæra rúsinuna í pylsuendanum með því að vísa til einhvers vonlauss tapreksturs sem hver einasti maður kannaðist við hér á landi. Og það var auðvitað togaraútgerðin, sem sífellt var á hausnum, sívælandi og kvartandi og þurfti nýjar og nýjar ráðstafanir opinberra yfirvalda. Hún varð fyrir valinu í þýðingu minni og fréttin endaði svona: “Væri ekki ráð að vekja áhuga hr. Chalk á togaraútgerðinni íslensku?”

Matthías Johannessen var mjög alvarlegur í bragði þegar ég hitti hann á götu daginn eftir: “Það varð allt vitlaust niðri á blaði í morgun. Kjartan Thors, formaður Félags íslenskra botnvöruskipaeigenda, hringdi alveg trítílóður í Bjarna, og fleiri togaraeigendur fylgdu á eftir. Þetta var rætt á ritstjórnarfundinum.” Bjarni Benediktsson nefndi þetta aldrei við mig. Mér fannst hins vegar miður ef ég hefði komið blaðamanni á erlendu vaktinni þetta kvöld í einhvern bobba. Ég bjóst aldrei við því að sjá



Fréttir Reuters og AP helltust inn allan daginn á fjarritanum sem skrifaði textann á ensku.



Hlustað var á marga fréttatíma BBC síðdegis.



Stuttbylgjufréttir NTB komu skrifaðar á svona strimil úr móttökutækini.



Blaðamenn dagblaða í boði veitingastaðarins Nausts á þorralóti með þjóðlegum veitingum. Vel var gert við blaðamenn þegar þeir komu á mannamót af ýmsu tilefni. Meðal annarra hlunninda þeirra voru ókeypís miðar í sum bíóin og flugfarseðlar til útlanda með riflegum afslætti.

hana efst á 2. síðu daginn eftir! Löngu seinna frétti ég að Bjarni hefði tekið þessu af stillingu og sagt góðlátlega á ritstjórnarfundinum að þótt blaðamenn stælust af vaktinni til að væta kverkarnar úti á barnum í Naustinu, væri með öllu ólíðandi að þeir fælu sendisveininum að skrifa fréttirnar fyrir sig á meðan.

Því var reyndar alls ekki til að dreifa í þessu tilfelli. En hins vegar voru ferðirnar Morgunblaðsmanna tíðar á barinn hjá Símoni í Naustinu og áttu eftir að verða nokkuð yfirdrífnað þegar fram í sótti. Þá var hlaupið bakdyramegin út í Fischersundið og stefnan tekin í gegnum Grjótaþorpið út á veitingastaðinn Naust við Vesturgötu. Þarna var saman komin öflug liðssveit vaskra ungra manna, sem átti auðvelt með að finna tilefni til að fagna. Einn laugardagsmorgun snemma í ritstjóratíð Matthíasar kom hann á svæðið þegar sunnudagsblaðið átti að vera í lokavinnslu og fréttaskrifum að ljúka. Hann komst fljótlega að því að fáar eða engar fréttir voru tilbúnar á útsíðurnar og nánast enginn mættur af þeim sem áttu vaktina. “Brennivínið er að ganga af

Morgunblaðinu dauðu”, hrópaði Matthías í augljósri angist sinni, eiginlega niðurbrotinn maður. Svo fóru einhverjir smám saman að tínast inn skelþunnir en gátu þó næstum á augabragði og eftir einn pilsner eða tvær kók og sígó náð að skrifa fréttirnar, sem upp á vantaði. Ekki var að því að spyrja.

Áfengismenning

blaðamannastéttarinnar á þessum árum hefði getað verið áleitið rannsóknarefni fyrir

einhverja fræðinga. Þá tíðkaðist mjög að boða til blaðamannafunda af hinu eða þessu smálegu tilefni, oft sáraómerkilegu. Vart var opnuð ný verslun eða hárgreiðslustofa að blaðamenn og ljósmyndarar væru ekki boðaðir og var þá vel veitt milli 5 og 7 og kannski miklu lengur. Ég minnst meðal annars mjög líflegs samkvæmis, sem Ólafur Þórðarson á Oddhóli, Óli hvellur, og businessfélagar hans, efndu til í litlum skúr uppi á Baldursgötu þar sem þeir voru að hefja endursölu á notuðum landbúnaðartækjum.

Eftir að menn höfðu skoðað notaðan traktor og tvær eða þrjár gamlar snúningsvélar, hófst mikil veisla með snittum og sterkum drykkjum, sem stóð fram á kvöld undir stöðugum skemmtisögum, sem runnu upp úr Óla hveli. Ég neytti ekki áfengis í þessum fagnaði. Mína vígslu í þeim efnum hlaut ég eins og vænta mátti með Guðmundi Eypórssyni í september 1960, þegar ég fór sem ljósmyndari með honum að fagna komu 1000 tonna togarans Sigurðar ÍS 33 í eigu Einaris Sigurðssonar ríka, eftir að skipið kom til Reykjavíkur beint úr skipasmíðastöðinni í Bremerhaven. Nokkrir slíkir voru keyptir til landsins, hin glæsilegustu skip. Á blaðamannafundi um borð í Sigurði var boðið upp á góðan þýskan bjór og var það í fyrsta skipti sem áfengi kom inn fyrir mínar varir.

Og sterki bjórinn, sem var bannvara á Íslandi en var smyglað frá útlöndum, var líka kneypaður í

sögulegu ferðalagi blaðamanna með gestgjöfum sínum upp í Hvalfjörð í júní 1960.

Nokkrir frumkvöðlar í Reykjavík boðuðu til blaðamannafundar á Ferstiklu í Hvalfirði til að skoða endurreistan viðkomustað langferðabíla og veitingaþjónustu fyrir ferðafólk á leið vestur og norður um land. Það voru athafnamennirnir Haraldur Lýðsson og Emanúel Mortens ásamt nokkrum sérleyfishöfum í rútabíla- og vélarekstri, sem beittu sér fyrir þessari andlitslyftingu á hinum gamalgróna stoppistað rútabíla með kaffiþyrsta farþega á leið út á land. Allt leit mjög normalt og sakleysislega út. Boðuð var skotferð í rútu upp úr hádeginu með stuttri viðdöl á Ferstiklu.

Við blaðamennirnir mættum á BSÍ en þá varð talsverð töf meðan beðið var eftir einum forvígismanni Ferstiklu. Biðin varð svo löng að fararstjórum datt í hug að byrja á því að keyra rúnt um Þingholtin á rútnni og var þá rifinn upp bjórkassi með sterkum bjór. Menntu þennan forboðna drykk í bjórbanninu meðan þeir brunuðu framhjá Farsóttarhúsinu niður Skálholtsstíginn og í kringum Tjörnina. Þegar síðasti maður var kominn um borð var svo byrjað á öðrum bjór og haldið út úr bænum og sungið “Táp og fjör og frískir menn” um leið og brunnað var framhjá Álafossi.

Strax uppi við Móa á Kjalarnesi þurfti að gera stöpp til að menn gætu létt á sér við vegarbrúnina. Tekið skal fram að ein ung kona var með í ferðinni, blaðamaður Þjóðviljans, sem hafði áhyggjur af því að komast ekki nógu snemma í bæinn aftur, því að hún átti að skrifa innlendu fréttirnar fyrir blaðið næsta morgun. Einn ötulur fulltrúi pressunnar, sem oftast hafði drjúgan tíma til að sinna útköllum af þessum toga, vantaði í hópinn. Það var Agnar Bogason, ritstjóri Mánudagsblaðsins. Honum hafði ekki verið boðið með og var það talin skýringin á því að fremur háðsleg fréttagein birtist í vikublaði hans um næstu helgi með föstum skotum á kollegana. Læt ég nú Agnari ritstjóra eftir að lýsa framhaldi ferðarinnar í völdum köflum en bæti við lýsingu minni sem sjónarvotts að því sem fram fór:



Hópur blaða- og fréttamanna að fara í boðsferð til útlanda með nýrri Viscount-vél Flugfélags Íslands 1957.



Guðni Þórðarson, Tímanum, Ívar Jónsson, Þjóðviljanum og Agnar Bogason, Mánudagsblaðinu nutu gestrisni á Hótel Borg þegar gengið var fyrsta sinni að hlaðborði í hádeginu.

Sterkur bjór var bannvara á Íslandi. Áhafnir skipa og flugvéla voru í aðstöðu til að útvega bjór frá útlöndum. Stundum var þessi eftirsótti mjöður kneypaður á blaðamannafundum.



”Blaðamenn kætast

S.l. miðvikudag buðu forráðamenn Ferstiklu blaðamönnum og gestum í stutta ferð að Ferstiklu. Voru trakteringar svo stórkostlegar, að sögn, að vart getur annarra eins í langri og viðburðaríkri „utanbæjar” viðtalsögu þessarar fyrirmyndarstéttar. Forráðamenn hófu þegar í stað, áður en lagt var af stað úr Reykjavík, að kæta blaðamenn -og er upp eftir kom voru framreiddar hinar bestu kræsingar og hvergi neitt til sparað í drykk og öðru góðgæti.

Á þaki - í eldhúsi

Eftir að hafa snögglega litið yfir sali og dáð hinar miklu framfarir og útsjónarsemi eigendanna, var matvælum smalað fram á borð í aðalsalnum og fylgdu þeim ýmsir konstugir drykkir, sem vel runnu niður. Rak þá ýmsum blaðamönnum blóðið til skyldunnar og skoðuðu ennþá betur staðinn og umhverfi jafnvel svo að sumir sátu á þökum uppi og dáðust að útsýni meðan aðrir gengu til eldhúss og skeggræddu við soðséffana þar.”

Því er aðeins við þetta að bæta til fyllri skýringar, að starfslið Ferstiklu hafði raðað sér þrúðbúið upp í einfalda röð til að taka á móti virðulegum fulltrúum dagblaðanna, þegar rútan ók í hlað. Þar var fremstur í röðinni Gulli heitinn rakari í Kirkjustrætinu, uppáklæddur í smóking. Hann var í þjóninum þetta sumar. Honum varð að vonum nokkuð hverft við þegar forystusauðurinn í liði gesta kom valtur út úr rútnni og hneigði sig niður í jörð við fætur honum og ætlaði varla að geta reist sig upp aftur hjálparlaust. Skömmu eftir að menn voru komnir í hús uppgötvaðist að ölkær blaðamaður gerðist mjög kvensækinn. Stelpurnar inni í eldhúsinu voru huggulegar og hófst eltingaleikur um eldhús og borðsal þar sem frammistöðustúlkurnar reyndu að verjast fjölbreifni blaðamannsins. Að lokum sáu þær

sitt óvænna og hlupu inn í herbergi uppi á lofti og læstu að sér. Blaðamaður var ekki að gefast upp heldur snaraðist með einhverju móti út á þak og komst þar inn um kvistgluggann á herberginu, þar sem stúlkunum hafði naumlega tekist að leita hælís en voru flúnar á brott þegar “ófreskjan” birtist á glugganum.

Það var margt úrvalsfólk á ritstjórn Morgunblaðsins. Áður hafa verið nefndir Atli Steinarsson og Þorbjörn Guðmundsson, sem voru verkstjórar og umsjónarmenn með frágangi blaðsins í prentsmiðjunni. Þeir unnu áætlanir með ritstjórunum um efni morgundagsins og innröðun þess í blaðið. Atli var auk þess mikilvirkur íþróttafréttamaður og brautryðjandi á því sviði. Þorbjörn, þótt hæglátur væri, brýndi menn á að virða tímamörkin sem fréttaskrifunum voru sett. Hann var með alla efnisskrá blaðsins geymda í kollinum og fékk blaðamenn með lagni og festu til að skila verkefnum á réttum tíma. Sverrir Þórðarson var með reyndustu blaðamönnum landsins. Hann hafði ótrúlega næmt fréttanef, virtist þekkja alla og talaði við fólk um allt land sem góðkunningja sína.

Á rökstólum um heimsfréttirnar. Hörkugó minir: Haraldur J. Hamar, Matthías Johanna Þorbjörn Guðmundsson.



Sverrir hafði mjög greiðan aðgang að helstu fréttauppsprettum eins og hjá vaktstjórum lögreglu og forstöðumönnum fyrirtækja.

Matthías Johannessen Haraldur J. Hamar, Elín Pálmadóttir, Margrét Bjarnason, Sigurður A. Magnússon, Magnús Þórðarson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jón Hnefill Aðalsteinsson, Þorsteinn Ó. Thorarensen, og Guðrún Stefánsdóttir voru á ritstjórninni þegar ég byrjaði í snatti mínu þar. Ólafur K. Magnússon var ljósmyndari blaðsins. Vignir Guðmundsson kom norðan af Akureyri og var með annan fótinn á ritstjórninni, skrifaði mikið um landbúnað og var góður ljósmyndari. Sonja Diego, Magnús Þórðarson, Haukur Hauksson, Björn Jóhannsson, Björn Thors og Örnólfur Árnason hófu sinn feril hjá blaðinu. Á sumrin komu nýir menn sem ílentust mislengi meðan þeir voru við nám: Þór Vilhjálmsson, Gunnar G. Schram, Styrmir Gunnarsson, Halldór Blöndal, Hörður Einarsson, Ólafur Egilsson og Jón E. Ragnarsson. Flestir þeirra fengust við pólitísk skrif hliðholl Sjálfstæðisflokknum, sem ekki var á verksviði annarra blaðamanna Morgunblaðsins.


Þeir blaðamenn og velviljaðir leiðbeinendur Johannessen, Sigurður A. Magnússon og



Á kvöldvakt. Blaðamennirnir Sólrún Jensdóttir og Elín Pálmadóttir ásamt Páli Skúlasyni, prófarkalesara.



Magnús Þórðarson, blaðamaður. Góður leiðbeinandi og vinur til margra áratuga.



Sverrir Þórðarson, fréttamaður af lífi og sál sem kenndi mér margt.


Prófarkalesararnir Haukur Eiríksson, Páll Skúlason og síðar Davíð Áskelsson voru hver á sinni vakt fram til þess er blaðið var tilbúið til prentunar. Af þeim var margt að læra þegar ég fór að skila inn mínum fyrstu fréttum. Enn áttu fréttir af minniháttar umferðaróhöppum greiðan aðgang inn á síður dagblaðanna. Með auknu frjálsræði í innflutningi bifreiða fjölgaði Volkswagen “bjöllum” mjög á holóttum og ryki sveipuðum malarvegum. Sigfúsi í Heklu, sem flutti bílana inn, þótti miður að alltaf var tegundar getið þegar VW-bílar lentu í óhöppum. Mín fyrstu skrif í Morgunblaðið fjölluðu einmitt um einn slíkan atburð í byrjun september 1958. En aldrei þessu vant var það ekki Volkswagen heldur Mercedes Benz sem kom við sögu. Hafði keyrt út af. Ég var 15 ára og fjölskyldan að keyra í bæinn á rykfylltum, gamla Dodge-inum þegar við urðum sjónarvottar að bílslysini í Hvalfirði í september 1958.

Annars voru það ekki slíkar smáfréttir sem prýddu síður Morgunblaðsins þessa septemberdaga 1958. Stríðsfyrirsagnaletrið var dregið fram. Hver fimm dálka fyrirsögnin af annarri og fimm dálka myndir að auki. Það var byrjað þorskastríð við Breta. Landhelgi Íslands hafði verið færð út í 12 mílur. Þeir Matthías Johannessen og Gunnar G. Schram voru mjög áberandi í fréttáflun og skrifum. Andrúmsloftið á ritstjórninni varð rafmagnað þegar nýjar fréttir bárust af aðgerðum breskra herskipa gegn íslenskum varðskipum sem reyndu að stöðva hinar ólöglegu veiðar bresku togaranna. ”Bresk herskip fremja ofbeldisverk í íslenskri landhelgi”, ”Breskir sjóliðar ráðast á íslenska varðskipsmenn við löggæslustörf” hljóðuðu fyrirsagnir blaðsins. Ólafur ljósmyndari kom með sláandi úrval fréttamynda úr flugferðum yfir miðin, þar sem varðskipin eltu bresku togarana uppi. ”Innan við 12 mílur gómum við þá” var síðar eftirminnileg geymd þessara viðburða.

Hlutirnir gerðust svo hratt að það þótti nauðsynlegt að flýta birtingu fréttanna. Þær gátu alls ekki beðið þess að blaðið kæmi út næsta morgun. Þess vegna skrifaði Árni Garðar

Kristinsson, auglýsingastjóri, fréttatexta á spjöld, sem stillt var út í sýningarglugga Morgunblaðsins við Aðalstæti. Þessir dagar voru spennu þrungnir og lærdómsríkir fyrir lærlinginn, sem var kominn með stóru tærnar inn á slóð blaðamenskunnar.

Næsta sumar fjölgaði verkefnunum smátt og smátt. Ungblaðamaðurinn byrjaði á því að sjá um dagbókina, taka á móti tilkynningum, sem þar birtust, taka til skráttur í þáttinn “Með morgunkaffinu”, sem var nú oftast gert með því að fletta upp í gömlum Mogga og velja úr gamlar gamansögur sem maður áleit að enn væru í fullu gildi þó að fyrst hefðu verið prentaðar um 1920 eða jafnvel fyrr. Enn voru birtir tilkynningadálkarnir “Brúðkaup” og “Hjónaefni”. Sá síðari gat verið mjög eldfimur og vandmeðfarinn. Ýmsir gerðu sér nefnilega leik að því af stráksskap sínum eða meinfýsi að tilkynna um opinbera trúlofun einhverra sem alls ekki voru að festa ráð sitt eða þá alókunnugra einstaklinga sem ekki höfðu hug á neinu slíku og voru felmtri slegnir yfir þessum óvæntu tíðindum, sem þau lásu í Morgunblaðinu. Ef slíkt var birt kostaði það mikið vesen og afsökunarbeiðni blaðsins. Ég var oft eini maðurinn á ritstjórninni á morgnana, því að blaðamennirnir mættu jafnaðarlega ekki fyrr en eftir hádegið. Inn slæddist fólk af ýmsu tilefni. Eitt sinn birtist sænskur blaðamaður frá Östersundsposten í ferðafötunum, nýkominn til landsins þá um morguninn með Gullfossi, og ætlaði að ferðast um Ísland á reiðhjólínu sínu. Fyrst þurfti hann nauðsynlega að fá viðtal við Halldór Kiljan Laxness. Þó að mér gengi bölvánlega að skilja sænsku, skildi ég þó þetta mikið og hringdi í Nóbelskaldið upp á Gljúfrastein. Tók Halldór beiðni minni af mikilli alúð og bauð gestinn velkominn þá eftir hádegið. Þetta varð til þess að sá sænski hætti ekki fyrr en ég var búinn að undirbúa Íslandsdvöl hans og ferðalag í tvær vikur. Hann sendi mér blaðið með öllum greinunum og ég sannfærðist um að skrif hans og glæsilegar myndir frá Íslandi væru afbragðsgóð landkynning sem vert hafði verið að aðstoða hann við að afla.



Ritstjórar 1957. Bjarni Benediktsson, Valtýr Stefánsson, ábyrgðarmaður, Sigurður Bjarnason og Einar Ásmundsson. Þeir Valtýr og Bjarni voru aðalritstjórar blaðsins.

Ritstjórar Morgunblaðsins voru fjórir: Valtýr Stefánsson, sem var ábyrgðarmaður, Bjarni Benediktsson, Sigurður Bjarnason frá Vigur og Einar Ásmundsson. Valtýr hafði verið ritstjóri blaðsins frá 1924 og einn aðaleigandi þess. Hann átti mestan heiður af markvissum breytingum íslenskrar blaðamennsku, sem meðal annars gerðu Morgunblaðið að víðlesnasta blaði landsins. Valtýr var illa farinn af áföllum, þegar ég sá hann fyrst, gekk stuttum skrefum við staf um ritstjórnina og átti erfitt með mál vegna lömunar eftir heilablóðfall. Hann tók sér sæti yfir gömlum, innbundnum blöðum og var að velja efnisþætti til bókarútgáfu þann tíma sem hann staldraði við á ritstjórninni. Valtýr var frumkvöðull í ýmsum þáttum fréttamenskunnar, notaði viðtalsformið á skemmtilegan hátt og brá upp lifandi svipmyndum af fólki úr öllum þjóðfélagsstéttum auk þess sem fréttaðflunarþátturinn var eflur mjög. Þeim, sem höfðu hug á að leggja blaðamennsku fyrir sig ráðlagði Valtýr að lesa íslenskar þjóðsögur til að byggja upp fjölbreyttan orðaforða, sem nýttist í starfinu.

20 síður

Morgunblaðið

1957. — Fréttablaðið 1. september 1957. — Framfarir Morgunblaðsins

Brezk herskip fremja ofbeldisverki í íslenskri landhelgi

Hindra aðgerðir landhelgisgæslunnar gegn landhelgisbrotum

Þingling Landhelgisgæslunnar

Þingling Landhelgisgæslunnar

Varir flotaverdin aðeins 3 daga?

20 síður

24 síður

Morgunblaðið

1957. — Fréttablaðið 1. september 1957. — Framfarir Morgunblaðsins

Hermann Jónsson lýsir víðskilnaði sínum

„Ný verðbólguvalda — er skollin yfir“

„Í ríkisstjórninni er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum“

Vatjörnir gefst upp án þess að leggja nokkra skylda eða till. fyrir Alþingi

Laganefndin samþykkti aðra sjóréttar ráðstefnu

Rússar reyna að þvinga Finna að taka kommúnista í stjórn

24 síður



Matthías Johannessen í essinu sínu. Hann fékk leiftrandi góðar hugmyndir um efnistöð í blaðinu. Innblástur.

Bjarni Benediktsson og Sigurður Bjarnason voru mjög uppteknir við stjórnmalastörf sín á Alþingi en skrifuðu mikið í blaðið um pólitík og héldu líka hina daglegu undirbúningsfundi með blaðamönnum þó að það kæmi oftast í hlut Einarssonar, sem starfað hafði sem hæstaréttarlögmaður áður. Í ágúst 1959 lét Einar skyndilega af störfum eftir að hafa verið einn af ritstjórum blaðsins frá 1. nóvember 1956. Einar var afar hæglátur maður en átti við áfengisvandamál að stríða. Það mun hafa gert útslagið að hann skilaði ekki ritstjórnargrein sem hann átti að skrifa í sunnudagsblað og urðu aðrir að bjarga málum við og koma úr frii á síðustu stundu á laugardegi. En málið átti lengri aðdraganda og mun það hafa vegið þyngst að Einar skrifaði greinar undir dulnefninu

Jón Reykvíkingur í Mánudagsblaðið. Þótti það með öllu óviðeigandi að einn af ritstjórum Morgunblaðsins skrifaði fastan greinaflokk um stjórn málaástandið í landinu með yfirskriftinni “Mánudagsþankar Jóns Reykvíkings” í Mánudagsblaðið sem ekki þótti finn pappír og var álitid óábyrgt æsifréttablað. Þar hafði hann m.a. skotið lausum skotum á Sjálfstæðismenn. Einar var ljóðskáld, en taldi sig ekki hafa fengið nógu mikla athygli sem slíkur. Það var gömul saga og ný, að ritstjórar og blaðamenn hefðu sterka þrá eftir viðurkenningu sem ljóðskáld.

Nákvæmlega mánuði eftir að Einar Ásmundsson tók pokann sinn var skáldið Matthías Johannessen sestur í ritstjórstólinn, aðeins 29 ára gamall. Matthías var magister í íslenskum fræðum og hafði starfað sem blaðamaður við Morgunblaðið síðan 1955. Hann hafði þegar sent frá sér tvær ljóðabækur. Á Morgunblaðinu var mikið skáldahreiður á þessum tíma og skáldin urðu enn tíðari gestir á ritstjórninni eftir að Matthías tók við. Sigurður A. Magnússon var blaðamaður og bókmenntagagnrýnandi. Hann var líka skáld og síðar mikilvirkur þýðandi

og rithöfundur. Ingimar Erlendur Sigurðsson, starfaði sem blaðamaður og ljóð hans voru gefin út á bókum. Ingimar skrifaði gjarnan þriðju síðu blaðsins, sem voru mannlíflýsingar úr borgarsamfélaginu, skrifaðar eftir gönguferðir um hin ýmsu svæði í Reykjavík, þar sem fólk var tekið tali eða áhrifum fagurra sumardaga var lýst með skáldlegum hætti við ritvélina að ferðalokum. Ég fór oft í myndatökur með Ingimar Erlendi í viðtalaferðunum og fannst hann einkar skemmtilegur í athugunum sínum og samtölum við unga sem aldna á þessum spássitúrum okkar og í persónulegum viðræðum okkar á milli. Tíðir gestir af skáldabekknem sem komu í heimsókn til Matthíasar voru m.a. Hannes Pétursson, Jóhann Hjálmarsson, með eða án Alfreðs Flóka, listmálara, Stefán

Hörður Grímsson og Tómas Guðmundsson. Njörður P. Njarðvík leit inn ósjaldan enda var hann þá nátengdur hinum borgaralegu öflum í Almenna bókafélaginu og hafði setið í stjórn Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, í Háskólanum. Rithöfundarnir Guðmundur G. Hagalín, Guðmundur Daníelsson og Kristmann Guðmundsson voru oft inni hjá Matthíasi og svo var farið út á Hótel Borg í kaffi.

Þessi gestalisti bar eiginlega með sér hvernig hinar flokkspólítísku línur lágu í röðum skálda og rithöfunda á þessum árum. Ýmsir aðrir áttu frekar athvarf á Þjóðviljanum og hjá Kristni E. Andrésyni í Máli og menningu en á Mogganum. Matthías þótti heldur ekki parfint skáld hjá þeim sem skrifuðu í Þjóðviljan og hjá hinni sjálfskipuðu vinstri sinnuðu menningarelitu þessa tíma. Þó var Matthías í tengslum við hin vinstri sinnuðu skáld og listamenn að einhverju marki og skrifaði samtöl við þá í blaðið, einkánlega hina eldri. Það urðu til hinir ótrúlegustu átakapunktur milli örgeðja andans manna sem jafnóskáldgefnum unglingi og mér reyndist torvelt að skilja. Nokkrum árum síðar heyrði ég lýsingar á áflogum þeirra Sigurðar A. og Ingimars Erlendar, þar sem símaskrár flugu á milli þeirra um ritstjórnina án þess að valda þó slysum. Svo voru þeir báðir farnir einn daginn í einhverri fýlu út í Morgunblaðið og vönduðu því ekki kveðjurnar í ræðu og riti, jafnvel heilum bókum.

Matthías Johannessen var einstakur sómadrengur og happafengur fyrir Morgunblaðið; ótrúlega eljusamur og hugmyndaríkur blaðamaður sem smitaði eldmóðnum í flesta í kringum sig á ritstjórninni. Nokkrir töldu eflaust fram hjá sér gengið við valið á ritstjóranum, menn sem höfðu unnið með miklum ágætum í þágu blaðsins yfir lengra árabíl. Þeir Sverrir Þórðarson og Þorsteinn Ó. Thorarensen ákváðu vistaskipti og urðu fréttastjórar í júlí 1961 hjá Vísi, sem var vaxandi síðdegisblað undir ritstjórn Gunnars G. Schram. Hann hafði líka starfað áður sem blaðamaður á Morgunblaðinu við góðan orðstír, m.a. fyrir fréttir af landhelgisdeilunni.



Yekaterina Furtseva, menningarráðherra Sovétríkjanna, kom til Íslands í opinbera heimsókn í júní 1961. Matthías átti langt viðtal við Furtsevu, sem athygli vakti fyrir hispursleysi og frjálst fas hvar sem hún kom. Hann ræddi líka við sovéttmanninn Júrí Gagarin, fyrsta geimfarann, sem millilenti í Keflavík á leið til New York í júlí 1961.



Það var auðvitað frábær skóli að fá að starfa sem ungur maður undir stjórn Matthíasar Johannessen. Þvílíkum eldhuga hef ég aldrei kynnst fyrr né síðar. Afköstin ótrúleg. Hann var vakinn og sofinn í starfinu. Alltaf búinn að hugsa út ný sjónarhorn varðandi efnistöð á málefnum líðandi stundar, þegar hann mætti á vinnufundum með blaðamönnum.

Matthías var yfirleitt farinn manna síðastur af ritstjórninni og fylgdi blaðinu ósjaldan alla leið í pressuna upp úr miðnætti. Maður dáðist líka að Hönnu eiginkonu hans, sem beið oft tímum saman í bíl þeirra R 35 í Aðalstrætinu eftir því að Matthías birtist. Eitthvað hafði komið upp á og einu sinni sem oftast var komið of seint í bíó eða bílferðinni slaufað alveg vegna óvæntra tíðinda, sem orðið höfðu. Og í ofanálag hafði þessi maður tíma til að yrkja heilu ljóðabækurnar og skrifa reglulega leiðara blaðsins og viðtöl í greinaflokknum “Í fáum orðum sagt” sem mig minnir þó að væru sjaldnast færri en tvær heilsíður í blaðinu. “Besta aðferðin til að skrifa samtöl er sú að kynnst fólkinu svo náíð að maður geti skrifað eftir því setningar sem það hefur aldrei sagt en hefði getað sagt. Ef setningin er góð gleður hún fólk og það fær sjálfstraust. Þetta er erfitt og krefst mikillar vinnu því meðalhófið er vandratað”, sagði Matthías um blaðaviðtöl sín.

Matthías lifði sig inn í verkefni, sem fengist var við hverju sinni. Hann var sleginn yfir slysafréttum og talaði um þær af mikilli hluttekningu, um sorgina hjá aðstandendum. Allt látbragð hans og framsögn breyttist eftir eðli viðfangsefna. Hann gat yfirbugast af hryggð, breytt út faðminn af gleði og hlegið manna hæst yfir gleðitíðindunum og hinu spaugilega eða reiðst heiftarlega yfir því sem honum fannst fyrir litlegt í framferði mannskepnunnar. Þætti honum blaðamennirnir hafa klúðrað málum þannig að varðaði heiður og sæmd Morgunblaðsins var Matthías ómyrkur í máli og talaði yfir hausamótunum á þeim í annarra áheyrn. Ritstjórnarnir höfðu hver sinn stíl á ritstjórnarfundum, sem byrjuðu um kl. 13.30



Arastar Níkólas í Keflavíkurflugvelli í gær morgun.

(Ljós. Mbl.: Ó. K. M.)

Míkójan ræddi viðskipti Íslands og Sovétríkjanna á Keflavíki

Hafið þið yfir nokkru að

„Við kaupum síld og þið vodka, það

þegar allir voru búnir að þamba sitt kók og fá sér sígarettu til að koma sér í gang fyrir átök vinnudagsins.

Ég fékk að vera með á einum eða tveim fundum hjá Bjarna Benediktssyni. Minnisstætt er hve hann lagði ríka áherslu á málvöndun. Bjarni var búinn að lesa hvern stafkrók í blaðinu, þegar hann kom til fundanna og var eins og strangur íslenskukennari að fara yfir prófúrlausnir þegar honum þótti ástæða til. Hann efldi mjög prófarkalestur blaðsins og fékk móðurmálsverðlaun úr sjóði Björns Jónssonar ritstjóra. Í annað skiptið var ritstjórinn mjög þungur á brún yfir “skúbbi” í Alþýðublaðinu, sem hafði komist yfir uppsláttarmynd á forsíðu af samkomusal í Hótel Höfn á Siglufirði sem lagður hafði verið í rúst í slagsmálum sjómanna

Anastas Mikojan, einn af æðstu leiðtogum Sovétríkjanna millilenti í Keflavík á leið sinni frá Moskvu til Mexíkó í nóvember 1959. Matthías náði viðtali við hann.

af síldveiðiflotanum, sem var inni í landlegu. Myndin var tákraen fyrir þær breytingar, sem orðið höfðu á Alþýðublaðinu eftir að Gísli J. Ástþórsson, hafði tekið þar við ritstjórarstarfi, fyrrum Moggamaður og ritstjóri Vikunnar. Nú var blaðið í sama broti og götublöðin í Bretlandi og mikið gert úr myndefninu. Gísli var afburðablaðamaður, skrifaði leikandi létt og gat verið hnyttinn og skemmtilegur. Hann var teiknari góður. Myndir hans og textar um Siggu Vigggu, alþýðustúlkuna í frystihúsinu sem vissi lengra en nef hennar náði, varð frægt blaðaefni, sem síðar birtist í bókum. Oddur Ólafsson, síðar blaðamaður á Tímanum, var ljósmyndari Alþýðublaðsins um þessar mundir og mjög öflugur sem slíkur. Alþýðublaðið

var orðið helsti keppinautur Morgunblaðsins.

Meðal blaðamanna þar var Björn Jóhannsson, sem aðallega sinnti lögreglumálum og átti marga tryggja heimildarmenn. Þegar færi gafst var Morgunblaðið búið að krækja í Björn, sem þjónaði síðan blaðinu í fjóra áratugi. Hann var afburða fréttamaður og ráðagóður samstarfsmaður, ræðinn og skemmtilegur. Hann ritstýrði um skeið nýju dagblaði sem nefnt var Mynd og hóf göngu sína í ágúst 1962. Með honum í áhöfn voru nokkrir reyndir menn úr útvarpi og af dagblöðunum. Blaðið átti við mikla byrjunarörðugleika að etja. Fyrst og fremst var um að kenna prentaraverkfalli og endurteknum biluninum í prentvél. Þegar allt lék í lyndi seldust 25.000 eintök á dag. Var útgáfunni hætt þegar í septembermánuði.

ALÞÝÐU BLAÐIÐ RÓSTUR Á SIGLUFIRÐI

10. árg. — Þriðjudagur 28. júlí 1959 — 155. töl.



Bezta aflavikan síðan árið 1947

SÍÐARAFSINN er seinni sálag, 1958, að undantektun ári-
inu 1957. Þó varð aflinn 82.163
lestir allt að, en á besta seðli-
árinum 1946 og 1948 komst
hann yfir 200.000 lestar. Þess
þrá að gæti, að þá er ekki

Lögreglan beitti tárágasi

Franga í Alþýðublaðinu
siglufirði á dag.
MIKIÐ ER spaktleiðu hía á
Siglufirði aðfarastýtt stund-
daga. Laga þá 180—200 hlíðar
í hía en á þeim stund var um
2000 manns. Har fjölflega mi-
kú á hlíðum og á löngardaga.
Laga þá 180—200 hlíðar

Myndin hóf ferir sína samt hressig myndir, var á Hotel Höfn eftir ástættir þar á löngardagskvöld. En myndin hóf ferir sína samt hressig eftir, að gagnastar endurhættu höfðu ferir þar á þri. Myndirnar tók A. N.



Ástandið á Hotel Höfn á Siglufirði eftir landleguball var eins og á ölknaepum villta vestursins eftir hressilegan bófaahasar í bíómyndum. Alþýðublaðið fyrst með fréttamyndirnar.

ikurflugvelli í gar:
5 kvarta?
— spurði hann
á vel saman''

Laugardagur 18. ágúst 1962
Laga þá 180—200 hlíðar

MYND
DAGBLAÐ
OHAD - OFAR FLOKKUM

FLUGIÐ TIL EYJA stopult næstu áratuginu
Of litití fé veitt til framkvæmda

OLIVETTI
Multisomma
G. HELGASON & MELSTEYR

Verður landið blaðalaust eftir 14 daga?
14% kaupþekking

Loksins óháð dagblað!

Mynd, góðan dag!

KOMAST EKKI ÚT VEGNA MANNEKLU

MARY
nylonokkar
hálek-erinda
verzlun-
félagið h.t.

FURDU VEL GENGUR AÐ MANNA TOGARANA

Það stíður þú
Máttidil innviðit
Samur hálta

1962

Dagblaðið Mynd olli um skeið titringi í íslenska blaðaheiminum. Útlitshönnun var nýstárleg og viðtökur kaupenda góðar. Lífdagar blaðsins voru ekki margir.

Krefjandi verkefni

Létt var jafnan yfir ritstjórnarfundum Sigurðar Bjarnasonar frá Vigur. Engar stórbrottnar hugmyndir þó. Verkefnin, sem hann deildi út til blaðamannanna, voru mörg hver tengd einhverjum verklegum framkvæmdum í Vestfjarðakjördæmi, sem honum voru ofarlega í huga sem þingmanni þess. “Markús minn. Þú myndir kannski tala við þá hjá Vegagerðinni og fá frétt um nýju brúna, sem verið er að byggja í Dýrafirðinum”, voru dæmigerð tilmæli Sigurðar Bjarnasonar um fréttáöflun á vaktinni. Annars hafði Sigurður verið hörkuduglegur blaðamaður á löngum ferli sínum hjá blaðinu, sem hófst árið 1941 í miðjum stríðsátökunum.

Matthías Johannessen nálgast verkefnið af ástríðu hins framúrskarandi blaðamanns. Auðvitað var farið yfir blaðið, sem út kom um morguninn og stundum hakkaði hann í sig fréttir og greinaskrif viðstadda. Þegar verst lét gat blaðamaður átt von á því að ritstjórinn rífi viðkomandi síðu úr blaðinu, vöðlaði henni saman og grýtti yfir borðið í áttina að skussanum, - og hitti ætíð í mark. Viðstöddum var ekki sama um slík skilaboð, sem krydduð voru stóryrðum og tók Matthías sér þá gjarnan í munn orðatiltæki Sverris Þórðarsonar um hroðvirknislega unnin fréttaskrif, að þau væru “unnin með rassgatinu og tánunum”.

Einu sinni sem oftast hafði mér orðið á í messunni. Hafði skrifað texta þar sem framtíð sagna var mynduð í nokkur skipti í röð með hjálparsögnunni “munu”. Matthías las þetta upp úr fréttinni fyrir viðstadda, með áherslum og látbragði, sem hæfði tækifærinu, og lýsti því síðan yfir: “Sá sem svona skrifar **mun verða** geggjæðri með hverri nýrri frétt ef ekki er gripið strax í taumana.” Alla tíð síðan hef ég farið mjög hóflega í myndun framtíðar með

hjálparsögninni! Þetta var sérstæður en mjög gagnlegur skóli sem ég fékk að ganga í um nokkrra ára skeið hjá Matthíasi. Hann sýndi mér líka mikið traust eins og þegar ég var sendur einsamall 19 ára í efnisöflun austur á landi og tók viðtöl og myndir á Héraði og í Vopnafirði. Ég varð að ferðast á puttunum milli Egilsstaða og Vopnafjarðar og beið lengi eftir næsta bíl hjá Jóni í Möðrudal.

Töluverðar útlitsbreytingar urðu á blaðinu en þó í svo hæfilegum skömmtum að þær gátu ekki talist byltingarkenndar. Matthías kom með margs konar uppástungur á fundunum um eftirfylgni við fréttir og að hinn mannlegi þáttur skyldi dreginn fram með viðtölum og myndbirtingum af fólkinu, sem við sögu hafði komið.

Myndirnar urðu stærri og meira grípandi. Tækifærin til að slá upp myndum voru margvísleg eins og langvinnt þorskastríð og eldgos í Öskju og Surtsey auk annarra stórviðburða. Matthías taldi brýnt að blaðið ætti tryggan aðgang að myndefni utan af landi. Sú leið var farin að skaffa nokkrum hópi fréttaritara á lykilstöðum nýjar myndavélar til afnota. Matthías samdi við Eirík Ketilsson, stórkaupmann í Rauðu Moskvu, um kaup á nokkrum fjölda af rússneskum myndavélum, einföldum eftirlíkingum af Rolleiflex. Eiríkur kallaði þær “Spútnik”-myndavélar til að tengja þær í auglýsingum við önnur og kunnari tæknaifrek Sovétmanna. Í raun hétu þær Komsomolets. Með myndavélunum fylgdu svo óáteknað filmur í ríkum mæli og gátu fréttaritar nú hafið myndatökur fyrir Moggann.


Innan skamms tóku filmurnar utan af landi að streyma látlaust inn til blaðsins og kom það í hlut okkar Óla K. að framkalla þær. Satt best að

segja var lítið af þeim nýtanlegt til birtingar. Á sumum filmunum voru alls engar myndir, aðrar voru teknar í tilraunaskyni af lítt frétt næmum hlutum eða fjölskyldufólkinu standandi undir húsvegg. Í undantekningartilfellum komust einhverjar raunverlegar fréttamyndir þó inn á síður blaðsins. Matthías Johannessen notaði stundum eina af þessum rússnesku myndavélum og var í minnum haft þegar hann mundaði myndavélina í göngutúr með prófessor Sigurði Nordal um Heiðmörkina á sólríkum sumardeggi og átti við hann viðtal, Í fáum orðum sagt. Þá smellti Matthías mynd af Nordal þar sem hann lá í sólbaði í kjarrinu.

Ólafur K. Magnússon var orðinn mjög mæddur á þessari filmuframköllun úr rússnesku myndavélunum og sagðist ekki lengur hafa tíma til að sinna tókum á alvöru fréttamyndum. Ólafur hafði oft óskað eftir því að ráða sérstakan starfsmann til að vinna við framköllunina en þegar á reyndi varð ekkert úr því. Hann treysti engum nema sjálfum sér til að framkalla sínar eigin myndir og var það mjög skiljanlegt sjónarmið. Þess vegna var framköllunarvinna í myrakraherberginu drjúgur partur af vinnu okkar sem sáum um ljósmyndun á blaðinu.

Á daglegu fundunum með ritstjórunum komu blaðamennirnir hugmyndum sínum á framfæri. Fjallað var bæði um innlend og erlend málefni. Nokkur sérhæfing var í hópnum. Elín Pálmadóttir stundaði jöklaferðir og skrifaði talsvert um þær og kynntist ýmsum vísindamönnum, sem oft lumuðu á góðum fréttum. Afburða afkastamikil blaðakona. Haraldur J. Hamar var býsna vel að sér um flugmál og rekstur flugfélaganna. Vignir Guðmundsson var með landbúnaðarmálin á hreinu. Þarna var og sýslað með fréttir, sem áttu að birtast í blaðinu, stundum með einhverjum pólitískum formerkjum eins og á stóð í íslenskri pólitík.

Sverrir Þórðarson þekkti í þaula allar hliðar á þjóðlífinu og bæjarmálum í Reykjavík. Hann var í stöðugu, persónulegu sambandi við fólk úr öllum stéttum, tók púlsinn á rás viðburðanna.



Vopnafjarðarkaupstaður séð úr Skjálshöfn.

Vopnafjörður – vaxandi bær

Miklar framkvæmdir í aðsigi

Stærðir fjöru dýrarnir á Vopnafjarðarkaupstaði eru fjölskylduþjálfar og byggja upp fjölskyldu þeirra. Þetta er áhersla á að byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála. Mikla fjöru dýrarnir eru fjölskylduþjálfar og byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála. Mikla fjöru dýrarnir eru fjölskylduþjálfar og byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála.



Matías Ólafur Johannessen, forseti Vopnafjarðarkaupstaðar.

Landið okkar

Landið okkar er mjög stórt og fjölskylduþjálfar. Þetta er áhersla á að byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála. Mikla fjöru dýrarnir eru fjölskylduþjálfar og byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála. Mikla fjöru dýrarnir eru fjölskylduþjálfar og byggja upp fjölskyldu þeirra þar með til miklun vandamála.



Sigurður Nordal, verkfræðingur hjá Kárahnjúkuvirkjun, Vopnafjarðarkaupstaður.

Uppskeran eftir heimsókn til Vopnafjarðar 1962.



Róleg morgunstarf á ritstjórninni. Ég einn mættur og sestur niður við að koma lagi á filmusafnið. Blaðamennirnir höfðu adsetur saman tveir og tveir í hverju vinnurými, eins konar "glerbúrum". Á löngu borði á miðjum gangi lágu nýjustu erlend dagblöð frammi og á það voru lagðar nýjar ljósmyndir sem blaðamenn og ljósmyndarar völdu úr til birtingar.

Hann þekkti næstum alla í lögreglu og slökkviliði og tókst að byggja upp gott trúnaðarsamband við menn þar, sem gátu sagt fréttir. Ég hafði stundum aðsetur inni á sama tveggja manna vinnusvæðinu og Sverrir. Þá gat ég fylgst með vinnutækninni hjá honum. Hann átti mörg samtölin við talsímakonurnar hjá Landsímanum og pantaði hjá þeim símtöl við fréttaritara eða athafnafólk úti á landi. Það voru “blaðasamtöl”, sem voru á lægra verði en almenn símtöl. Sum með “blaðahraði”. Sjálfvirki síminn við aðra landshluta var ekki kominn nema að takmörkuðu leyti. Samtöl fóru um Landsímamann í Reykjavík og símsstöðvar úti á landi sem voru opnar stuttan tíma á morgnana og opnuðu svo ekki aftur fyrr en kl. 16. Það þurfti að tala hátt á langlínunni.

Yfir síldarvertíðina á sumrin voru aflafréttir mjög fyrirferðarmiklar. Þá var reglan sú að hafa samband við síldarradíóin á Sigló eða Raufarhöfn til að fréttast hvar skipin væru að fiska. Oft var símsambandið slæmt svo að vart mátti greina orðaskil. Það gat boðið hættunni heim því að staðsetningar voru gefnar upp í gráðum og mínútum. Stundum kom það fyrir að blaðamenn staðsettu síldarflotann á miðjum Vatnajökli eða í uppsveitum Árnassýslu. Olli það mikilli kæti hjá öðrum í stéttinni. Einu sinni í viku voru birtar skýrslur frá Fiskifélaginu með aflatölum fyrir öll skip í síldveiðiflotanum. Margir voru með böggum hildar yfir slíkum fréttaflutningi og töldu að hann myndi fylla skipstjóra of mikllu kappi og gæti meira að segja valdið því að skipin sigldu ofhlaðin til lands því að margir mokuðu upp síldinni.

Það vakti sthygli mína hvað Sverrir var alltaf hress og skemmtilegur þegar símtölin voru loks afgreidd til hans. Hann var alltaf með einhver spaugsyrdi á vör og hafði lag á að fá fólk til að tala og fiskaði fréttir á listilegan hátt. Stundum bað Sverrir mig um að koma með myndavélina og labba með sér niður að höfn. Þá fórum við gjarnan niður á verbúðabryggju og oft hittum við Einar Sigurðsson á Aðalbjörgu RE 5 sem var að koma að landi með fisk til löndunar. Með léttu spjalli Sverris við hann varð til frétt um

aflabrögð, ástandið á fiskimiðunum eða einhver önnur frétt næm atvik sem reynslubolti eins og Einar bar skynbragð á. Mér eru sérstaklega minnisstæð hin löngu verkföll hjá sjómönnum og hvernig höfnin fylltist af farskipum sem lágu bundin við bryggju og hvert utan á öðru. Hafnarverkamenn fóru í verkföll líka þannig að vinna við uppskipun stöðvaðist. Verkalýðsleiðtogar voru við verkfallsvörslu á hafnarbakkanum og ræddi Sverrir stöðuna í samningamálu við þá sem góðkunningi. Sömu sögu er að segja af ferðalögum okkar Sverris austur fyrir Fjall eða upp í Kjós til fundar við fréttaritara blaðsins. Alls staðar var hann aufúsugestur. Þá ókum við í nýjum Volkswagen sem Sverrir hafði fest kaup á.

Á ritstjórninni var eitt sinn fjallað um frétt, sem ekki ætti að birta. Það var sagan af Steingrími Hermannssyni, síðar forsætisráðherra, þegar hann hélt til Bandaríkjanna að sækja börn sín, sem bandarísk eiginkona hans hafði á brott með sér eftir skilnað en Steingrímur vildi endurheimta í Bandaríkjunum og koma með til Íslands. Frásögn af þessu forræðisdeilumáli hafði verið í New York Times, sem auðvitað barst hingað til lands. En Matthías, væntanlega sakir gamals vinskapar við Denna, tók að sér að hringja í alla ritstjóra dagblaðanna, þar á meðal Magnús Kjartansson á Þjóðviljanum, til að biðja þá lengstra orða að segja ekki frá þessu. Því var heitið og við það staðið. Sennilega var engin þörf á að hringja í útvarpið. Það hefði hvort sem er aldrei birt svona frétt.

Ungir, bráðhressir menn skipuðu blaðamannasveit Morgunblaðsins og var gaman að kynnast þeim, þó að ég væri talsvert yngri en flestir þeirra. Matthías vildi að farið væri út fyrir borgarmörk Reykjavíkur í efnisleit. Haukur Hauksson var reyndur blaðamaður af Tímanum, þegar hann kom til starfa á Morgunblaðinu. Með honum fór ég sem ljósmyndari í ferðalag um Suðurland 1961 að hitta fólk í sumarþustöðum, þar á meðal Pál Ísólfsson, tónskáld og fjölskyldu hans á Stokkseyri, og áhugamenn um svifflug á Sandskeiði. Við Örnólfur Árnason

skemmtum okkur vel þegar við fórum austur í Gnúpverjahrepp að kynna okkur starfsemina hjá Rosemarie Þorleifsdóttur í Vestra-Geldingaholti, sem var búin að stofna reiðskóla fyrir börn. Með Haraldi J. Hamar fór ég norður í land að hitta alþingismenn í sumarfríi og heyskap, þá Magnús Jónsson, ráðherra á Mel í Skagafirði og Björn Pálsson, alþingismann á Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi. Í annarri ferð flugum við Haraldur Hamar í skyndi með Birni Pálssyni, flugmanni, í sjúkraflugvél hans vestur á Hellissand. Þá hafði sést til rússnesks njósnaskips næstum uppi í landsteinum við loranstöð ameríska flotans á Gufuskálum í júní 1960. Lóranstöðin var nýlegt staðarákvörðunartæki fyrir skip og flugvélar, ekki síst kaþbáta. Merkin frá henni mátti nema í allt að 2000 sjómílna fjarlægð, mastrið um 200 metrar á hæð, og ekki nema von að það vekti forvitni Rússanna, sem sendu þangað njósnaskip dulbúið sem togara til að gera sínar sérstöku athuganir, taka myndir, mæla hljóðmerki og staðsetja lóraninn nákvæmlega.

“Kleifarvatntækin” var annar þriller sem mikið umtal vakti. Einhverjar græjur sem talið var að rússneska sendiráðið eða aðrir handgengnir því hefðu viljað losa sig við fundust suður í Kleifarvatni. Og svo var það rússneski kaþbáturinn undan Austfjörðum, sem ritstjórn Morgunblaðsins var að eltast við dögum saman. Fréttir frá síldarflotanum um dularfull siglingaljós sem sést höfðu rétt yfir hafsyfirborði bárust í bæinn og varð úr þessu framhaldssaga og mikill eltingaleikur um hafsvæðið undan Austfjörðum. Gátan var ekki ráðin fyrr en Oddur Sveinsson, fréttaritari á Akranesi hringdi í blaðið og kom mönnum almennilega á sporið. “Ég hef verið að velta því fyrir, elskan mín, eftir lýsingum á þessum ljósabúnaði að dæma, hvort þetta hafi getað verið Eldingin hans Hafsteins kafara, sem þarna var á ferð. Hann er einmitt fyrir austan núna”. Það reyndist rétt vera að Hafsteinn Jóhannsson, kafari, var á fleygiferð um síldarmiðin á einmastra hraðbát sínum Eldingunni sem búinn var sérstæðum ljósum, og var að aðstoða báta eftir að þeir höfðu fengið veiðarfæri í skrúfunu úti á miðum.



Ritvélar blaðsins voru margar komnar til ára sinna. Það var snúið að vélrita upp efni samtala með símtólið á öxl við kinn.



Loftnetabúnaðurinn kom upp um rússnesku “fiskiskipin” sem stunduðu njósnir á Norður-Atlantshafi.



Það var Eldingin frá Akranesi en ekki rússneskur kaþbátur sem sást á siglingu í ljósaskiptunum austur af landinu.



SUMARIÐ '61

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra í heyskap með Ingibjörgu Magnúsdóttur konu sinni og börnum á Mel í Skagafirði, þar sem Magnús ólst upp.



Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir, 9 ára, var í sumarþustað á Þingvöllum með móður sinni Ragnhildi Ásgeirsdóttur. Í öðrum þustað hittum við Árna G. Eylands, ráðunaut, og eiginkonu hans.

NOTIÐ SJÓINN, SÓLSKINIÐ OG SEA&SKI

Heimsþekkt njung er komin til landsins

SEA&SKI alkremið hefur rutt á sér til ríma vithamlandi og er mest aðila sökum í Ameríku.

SEA&SKI alkremið hefur verið að eððablið söðablið.

SEA&SKI alkremið ve og lýtur fy þrúna þrúna.

SEA&SKI alkremið e joðka.

SEA&SKI er í handh.

Njótið sólar NOTIÐ

Heiðsiðu Íslensk erlend.

Svo var það humarveislan sem Páll Ísólfsson, tónskáld og Sigrún Eiríksdóttir kona hans efndu til í Ísólfskála við Stokkseyri. Gestur þeirra var Guðmundur Daníelsson, rithöfundur.



Humarveizla í Ísólfsskála

— HER er allt þannar- að, fjöllin, jöklarnir og Atlantshafsið landlaust allt til Suðurlandsins. Hér er bæði kvöldfagurt, mörsum fagurt og allt þar á milli. Svo andar maður að sér jöðinu og heilmæninu úr fjörunni og lifir á nýveidd um humar þegar svo sjón- list. — Svohljóðandi tók Páll Isólfsson á móti okkur er við heimsóttum sum arsetur hans, Isólfsskála við Stokkseyri fyrir skömmu.

— Ég er hlýttur að vera hér í hlítan mánað, segir Páll. — Ég ætla í hönnu um heig ina til að spila í kirkjunni, en að öðru leyti verð ég hér eins mikils og ég get í sumar. Hér er mikils meira náði en í bænum. Þetta hús heitir Isólfsskáli eftir hlíu föður minn, en það stendur nú ekki uppi lengur.

Það er glæpandi að við Isólfsskála, og ekki sér ský á himni. Dúfnuð er þar óvenja fagurt á vísuun gölvirðingum, á annan vegg sér inn til jókla en á hlun meiri Atlantshafsið sjóndaldringum. Í þringarönnu eru menn á hlíu að skera þang, en að öðru leyti sér ekki til mannaferða.

Ísari bírtu

— Maður skyldi ætla, að stórkáld yrði inspirað í þessu umhverfi.

— Já, það er kyrrt og næði hér að minnsta kosti, en það þarf að vera rigning og lífviðri til þess að maður tölfi inn, segir Páll. — Maður er ekki beinlínis að hlíju um svo leiða veður, en það er svo, að þegar dinnur yfir, þá reyndi maður stundum að skapa sér einhverja ísari bírtu. Ég ætla



Hér er Páll kominn í matargerðina ásamt prófessor Gríoch, sem horfir á fullu áþega. — Það eru allir vilisáir í humarinn, sem hafa smakkað hann hjá okkur.

af reyta að vinnu sem mynd hár í sumar af ýmsum til- verkum og skrifnum.

Við glingum inn í Isólfsskála og Nígglum höfði hjá föð Níg- r-á Kirkeðinnar. Yfir höfði- þvi, að hönnu hann, Þurður og Elmar, eru hlíu að kaupa allt hvort hlíu á Stokkseyri, og verði sé að innreita þau. Hlín- un er gengið út á verðdinnu, sem myr út að hafinu.

— Það er reyndi að vera hér við ströndina, segir Páll. — Það er ekki öflur á veitara, þegar þann skilur á með ofurverðum. Það er stórteng- legi, en þá er maður ekki hlíu nema af tilvitnu. Ég kann ekki við mig nema þau sem ég get séð sjónu. Það er nú einu sinni svo, að maður hefur verið allan upp við hann.

— Er gottvegni hér? — Stundum er það, of- all- lega um heigar. Það er gaman að taka á móti gestum. Nína hlíu hjá mér einn af mínum gamla konnum frá Leipzig, prófessor Gríoch. Hann er einn eftirlitandi af öllu konnum, sem ég hafi. Hann hefur áður komið hér og er mjög einur að landinu. Það var flútt efti- ly hann mikils verk í útræf- ingu.

Humarveizla

— Hér er grútt, til að stökka á humar, segir Páll nú, og bendir á stökkerrið, sem stendur



Nú vantar bara sjórekna hvítvínstunnu. — Humarinn stökktur yfir viðarkolluð á vernd- lási í Isólfsskála. Frú Sigrún er að setja hum arsum, en Guðmundur og Páll fylgjast með. (Ljósar: Mbl. Markús)

Nú vantar okkur sjó- rekna hvítvínstunnu

ur á þrifati á vernddinnu. — Stökktur humar er stökktur matar. Maður fær hann í

skelinni, og stökktur þannig. Það eru allir vilisáir í hann, sem hafa fengið hann hjá okkur ur. Er ekki best að nú í humar handa ykkur og stökka? — Við segjum Páll af því, að við höfum verið hlíu að meira okkur mit við Guðmund Danleisum rithöfund á Kyr- arbakka.

— Nú, þá náum við í hann í veitinu líka, segir Páll, og hefur að honum að vörnu spert. Eftir að hafa náð í vana- hlíu af humar í fryshúsið, er hann reftað í stök- kergrindina, og innu skömmu leggur stökkergrindina, seta lykt af humarinnu. Guðmundur Danleisum er káttinn frá Kyr- arbakka, og prófessor Gríoch kemur oftan af hlíu til að taka þátt í humarveizlunni. Hrátt er tekið til við að meira humarinn innu er skelinni eftir klínarinnar reglun, og plösur drukkinn með.

Veitlakapur og kvendök — Nú vantar okkur meira sjórekna hvítvínstunnu, segir Páll.

— Já, segir Guðmundur. — Þegar ég er að veita, þá er ég bara með annan sagná á fiski, en hlíu á reka.

— Þú veitir ekki neitt, nema að þú hafi kvendöku með þér, segir Páll. — Einskið það, segir Guð-

mundur. — Ég hef margt þér það. — Ég hef nú samt tekið eftir því að ég veitir minna þegar konan er með, þráttar Guðmundur.

— Maður þyrfti eiginlega að sýnja hér einhverja krabba- stöndina, segir Páll og stungur upp í sig humar. — Ég ætla að einu sinni að semja fisk- stöndina, en það er vont við að eiga að útfæra hann því fiskarir áttu að setja hann upp. Yvon og síðin áttu að hafa eftir ræðinnar, en há- káttinn hanninn. Steinhólar og fiskjafur áttu að vera krit- líkin.

Það er líkt með stöktem humar og mítum

Páll tekur upp humar af grindinni, en þremur sig á flingrunum og er fljótur að sleppa.

— Nú get ég ekki spilað í kirkjunni á menningafaginu, segir hann. — En það er samt næstum meira gaman að eiga við þetta en að spila á hlíu- færi. Það er líkt að taka á hlíu um humar og mítum, maður getur þremur sig á hvers- tveggja.

129 krabbar — Talið berst nú að slungu- veitni á fl. en Guðmundur Danleisum er mikill slungu- veitmaður í frítundum.

— Ég lagði slunganet þérna áttu í fyrriáttar til að þá hvort ekki væri slungur í löngum, segir Páll. — Daga- inn eftir fírum við Guðmundur í Merkigardri að vilja um, og þá voru 129 krabbar í netinu, og við þurftum að brjóta þá úr. Síðan hefi ég ekki lagt slunganet, en ég ætla að veita krabbana á vísuðalegan hlíu þérna, því þetta er þerra- mannsmatar.

Frískræplíkin

Nú eru konnar kóteitlar á stökkergrindina, en Guðmundur framleikinn og sjálfstæði- inn humar til þess að hafa lykt á kóteitlunni á eftir. — Ég vil alltaf að landhlíu- aðririnn og sjávarvitveipurinn komi saman í maganum, segir Páll. Þess vegna hlíuinn við alltaf kóteitlar á eftir humarinnu. Ég vil gera frítt með framleikna og sjálfstæðina í maganum.

Þú 129 þú ann- en framleikna og sjálfstæði. Meiri frískræplíkin hefi ég ekki heyrt, segir Guðmundur. Humarinn af kóteitlunum berst yfir vernddinnu.

— Dejligt, segir Páll og lyktar. — Ég tala alltaf á dömsku þegar ég vil segja eit- hvað mikilvægt, þarþi hann við.

— Nú, þá ert kannaka einn af þeim, sem haldar að guð sé danskar, hlíu Guðmundur.

Fjórangur

Við innu Guðmundur eftir því hvort hann sé ekki slungu- lagur til þess að reyna í Ölf- uá á eftir. Málís er safhölt, og Guðmundur yfirgefur hum arveitluna til að skreppa hlíu

Oddur Sveinsson, kaupmaður á Akranesi, sendi nokkuð reglulega fréttir af afrekum Hafsteins á Eldingunni sem gátu verið af ýmsum toga eins og eftirfarandi frétt á baksíðu Morgunblaðsins bar með sér í mars 1960:

Froskmaður náði í tennur

AKRANESI, 18. mars: — Það vildi til hér í dag að manni einum niður við höfn, varð skyndilega óglatt, þar sem hann var staddur á skipsfjöln. Seldi maðurinn upp í sjóinn. Þá vildi svo óheppilega til að fölsku tennurnar hrukku út úr honum og hurfu í djúpið. En úr þessu var fljótlega bætt, því Hafsteinn Jóhannsson, kafari, stakk sér á eftir tönnunum í froskmannsbúningi sínum, fann þær von bráðar og færði manninum þær af hafsbotni. — Oddur.

Oddur Sveinsson eða Oddur á Skaganum, eins og hann var kallaður, naut töluverðrar hylli á ritstjórn Morgunblaðsins. Að sumu leyti var hann skemmtilegur naivistí í fréttufrásögnum sínum og af praktiskum ástæðum komu fréttir hans sér vel fyrir lokavinnslu blaðsins. Sem uppfyllingarefniefni. Þær voru stuttar og fjölluðu yfirleitt um aflabrogð heimabátanna á Skaganum og minniháttar atvik í mannlífínu eða umferðinni í bænum. Um fréttagildið mátti deila en þær komu sér vel þegar eitthvað lítið vantaði upp á til að fylla og loka fréttasíðu í blaðinu. Þá var stubbur frá Oddi eins og hver annar gullmoli ellegar sykurmoli. Gluggaúststillingin í búðinni hjá Oddi var býsna frumleg, ódýr en lýsandi fyrir vöruframboðið. Í fyrsta lagi maltflaska, þá pappírspoki með hveiti, síðan appelsínflaska, þar næst sykarpoki og síðan einn stakur, lítill sykurmoli. Öllu

haganlega upp stillt í þráðbeinni röð langsum með glugganum.

Oft efuðust blaðamenn nokkuð um heimildir Odds fyrir fregnum af sérstæðum og stundum yfirskilvitlegum hlutum, sem áttu að hafa gerst, oftast en ekki skammt frá þjóðveginum á Hvalfjarðarströndinni. Þegar eftir var leitað kom í ljós að oftast voru strákarnir sem keyrðu gosbílinn frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni einir til frásagnar. Þeir komu reglulega með nýjar birgðir í búðina hjá Oddi og voru einu heimildarmennirnir að sumu því ævintýralegasta sem Oddur hafði að segja í fréttum. Flest af því var aldrei birt. En lesendum Morgunblaðsins var orðið fátt mannlegt óviðkomandi á Akranesi eins og þessi tímamótafrétt blaðsins bar með sér árið 1964:

Bítlaæðið á Akranesi hjaðnar

AKRANESI, 22. sept. — Bítlaæðið hér í bæ er að hjáðna. Mest bar hér á fjórum bítlum, Magga, Valda, Óla og Rúnari. Í fyrradag brá svo við, að þeir fóru í kyrrþey til hárskera og létu klippa sig. Sagan flaug samstundis út meðal jafnaldra þeirra. — Oddur.

Annar álíka frumlegur fréttaritari blaðsins var Reginna Thorarensen í Árnasi á Ströndum. Hún var hörkudugleg manneskja, dálítið stórskorin, notaði hressilegt orðbrag og gerði engan mann mun þegar hún þurfti að segja skoðanir sínar á fólki og málefnum. Það sópaði af henni þegar hún kom í heimsókn á blaðið en fyrst og fremst brá hún spegli á erfiðar aðstæður í einni af afskekktustu byggðum landsins með reglulegum fréttafutningi frá Hornströndum. Sumt af því þótti hálfómerkilegt, fréttir af afla á hverja trillu þar vestra einkanlega á

grásleppuvertíðinni en oft komu heilmiklar fréttir og dramatískar.

Hundar Árneshrepps boðaðir í læknisbústaðinn

GJÖGRI, 22. nóv. — Allir hundar Árneshrepps voru boðaðir kl. 1 í dag til hreinsunar í læknisbústaðinn í Trékyllisvík. Sennilega er læknisbústaðurinn í Trékyllisvík eitt finasta hundahreinsunarhús í heimi. En þess má geta að Árneshreppshundar hafa verið hreinsaðir í læknisbústaðnum í Trékyllisvík á hverju ári síðan Hermann Jónasson, þingmaður Strandamanna, varð 55 ára. --- Eins og ég sagði ykkur í fréttum fyrir 2—3 árum, þá var ekki hægt að fá skrifpappír hjá Kaupfélagi Strandamanna í 3 mánuði í röð (og engin önnur verslun er hér í Árneshreppi). Sköpuðust af þessu skrifpappírsleysi mikil vandræði. Í haust skrifaði mér kona, sem fann upp á því að skrifa á hvítt léreft. (Sendi Regína Mbl. þetta merka léreftsbref til sannindamerkis). Svo nú ættu engin vandkvæði að vera þó það gleymist að panta skrifpappír, bara ef tryggt er að fáist hvítt léreft og umslög. — Regína.

Regína hafði greinilega góða tilfinningu fyrir skoplegu hliðum tilverunnar eins og orðaval hennar benti til. Mörg umkvörtunarefni flutti hún um lélega þjónustu kaupfélagsútibúsins á Gjögri þegar það var uppiskroppa með saumnálar eða tituprjóna. Hún skrifaði gasalega lýsingu á því þegar karlanir í sveitinni voru í fyrsta skipti að smakka kaviarinn úr grásleppuhrognunum, sem þeir söltuðu. Einstaklega myndrænar lýsingar af grettunum og viðbjóðnum sem færðist yfir skeggjuð



Símamyndir: Stórmerk tímamót

Það var spennu í loftinu í Landsímahúsinu. Við vorum þar saman komin í kringum nýstárlegt tæki sem stóð á gólfinu. Á því var hljóðnemi. Þetta var að kvöldi 18. ágúst 1959. Starfsmaður Landsímans sagði í hljóðnemann: “God aften København. Vi her i Reykjavik kan starte modtagelsen”. Tækið gaf frá sér alls kyns hljóðmerki. Móttaka fyrstu símsendu fréttamyndanna til Íslands var hafin. Loftskeytasamband. Tvær tilraunir og sú seinni tókst afar vel eins og sjá mátti á forsiðu Morgunblaðsins daginn eftir. Málið hafði verið í undirbúningi um skeið. Beðið var eftir góðu tækifæri. Það kom þegar landsleikur í knattspyrnu milli Íslands og Danmerkur fór fram í Kaupmannahöfn þennan dag. Friðrik konungur var viðstaddur og heilsaði upp á keppendur. Jafntefli 1-1. Það var hlutverk mitt að hlaupa yfir á Mogga með mótteknu myndirnar, lýstar rafrænt á ljósmyndapappír í lokuðu hylki. Þær voru síðan framkallaðar hjá Morgunblaðinu.

og stórmyennt andlit þessara heljarmenna, sem spýttu út úr sér óþverranum um allt kaupfélagsgólfið þegar verið var að kynna fyrir þeim hinar einu, sönnu “Perles du Nord”.

Regínu var skemmtilega uppsigað við SÍS, kaupfélagið á Ströndum, Framsókn og Hermann Jónasson, formann flokksins. Það gladdi hjörtu Moggamanna, sem birtu með sérstakri velþóknun fréttaskýringar Regínu á Ströndum, léttkryddaðar pólitík:

Mýsnar átu Tímann - enginn áramótafagnaður

GJÖGRI, 9. janúar: — Ég veit ekki annað en allir hafi haft gleðileg jól hér í hreppi. Aftur á móti kom fyrir atvik, sem skyggði nokkuð á áramótagleði hjá nokkrum mönnum, sem eru talsvert ráðandi hér í byggðarlaginu. Rétt fyrir áramótin átti að taka fram nokkra árganga af Tímanum og senda til Reykjavíkur og láta binda inn. En þá komust menn að þeirri leiðu staðreynd, að mýsnar voru búnar að éta og eyðileggja Tímann. Fannst þessum heiðursmönnum það vita á eitthvað illt, og gripu þá leiðindi mikil. Ekki einungis vegna þess, að þeir gætu ekki fengið Tímann aftur, því eftir því sem ég best veit geta þeir fengið Tímann sl. fimm ár aftur, en þessum miklu Tímamönnum finnst þetta ábyrgðarleysi sitt muni boða mikil móðuharðindi hjá Framsóknarflokknum. Það var því ekki að ástæðulausu, að enginn áramótafagnaður var haldinn að þessu sinni í samkomuhúsinu í Trékyllisvík. — Regína

Það var ljóst, að myndavélin var lykillinn að áhugaverðustu verkefnum mínum á Morgunblaðinu fyrst í stað. Fáir blaðamenn fengust við að taka myndir og skrifa jöfnum höndum. Aðallega Vignir Guðmundsson, sem starfað hafði sem fréttaritari á Akureyri en var meira eða minna fluttur til Reykjavíkur. Ég er með þeim ósköpum gerður að verða öðru fólki sjóveikari og þarf ekki mikið til. Þess vegna er það merkilegt hvaða þíslir ég var reiðubúinn að taka út í upphafi blaðamannsferils míns með sjósókn á fiskibátum og við fleiri tækifæri.

Fyrst ber að nefna ferð á síldarmiðin undan norðaustur-horni landsins í ágúst 1959 meðan síldinni var mokað þar upp og allt stóð enn í fullum blóma í síldarsöltun og bræðslu á Raufarhöfn. Þar þekkti ég Einar Guðmundsson á síldarradíóinu og fannst mér rétt að koma mér þangað austur. Um þetta leyti urðu stórkostlegar breytingar við síldveiðarnar. Það var byrjað að leggja gömlu nótabátunum, sem síldarskipin höfðu í eftirdragi með veiðarfærunum um borð og notaðir voru þegar nóttinni var kastað út og hún dregin saman. Í stað nótabátanna var kraftblökkinn að ryðja sér til rúms sem þýddi að nóttin var höfð á þilfari skipsins og engir nótabátar lengur með í för.

Ég komst í hraðferð á miðin með vélbátnum Hugin NK 110 og tók myndir af viðureigninni við síldina, þegar þetta silfur hafsins var króað af á milli nótabátanna og háfað upp í skipið. Þetta var með síðustu pistlum og myndbirtingum af þessari gömlu veiðiaðferð sem svo gjöful hafði verið fyrir íslenskan sjávarútveg og þjóðarbúið í heild. Nokkurs konar minningargrein. Í þessari ferð kynntist ég svo verbúðalífínu hjá síldarstúlkunum, sem komnar voru af öllu landinu til síldarsöltunar nyrðra og skólastrákonum, sem unnu í verksmiðjunum eða voru á bát í landlegu.

Í annað skipti var ég beðinn um að fara daginn eftir austur að Stokkseyri og heimsækja þörungaverksmiðjuna, sem þar var starfrækt skammt frá vegamótunum upp á Selfoss og út á Eyrarbakka.

Á humarveidum

A TIMARILINU 1. júní til 15. ágúst hafa bátar í vesturðrum summanlands undanþega til humarveida í flokkaskrá landshegðis. Veikarnar fara aðallega fram í kringum Vestmannaeyjar og þar suður



af og er meðríkshafi veidiflötum gerður út frá Vestmannaeyjum, eða um tuttugu bátar. En það eru fleiri um hitana, þó að í smærri stíl sé, og meðal þeirra eru Stokkseyringar, sem eru út þrjú 20-30 tonna bátar, og má segja að þeir séu lyftingstól alls atvinnuleysis í þessum litla kaupstaði við suðurströndina. — Félittamaðmi Mbl. lék nokkur hugur á að sjá með hverjum höfði þessi veidiskapur fer fram, og hvað sé á flöt á mánudagsveid með Stokkseyrarbátinum „Hasteinn“.

A flötinni kl. 5 var lítið úr hita og eftir margar sveigjur og þreygur átti úr úbergjarðinum var stöfvan tekinn á Vestmannaeyjum, en þar var humarveidiflötin að veidum.

Þetta er fimmta sumarið sem flötvegningar stunda krabbaveiðir, eins og þagrenningar kalla það, og er gert að aflannum á flötvegningu, hana frystur og sendur á erlendin markað, aðallega til Bandaríkjanna.

Óvægleg skemja
Krabbanum, eða ítturhumarinn, eins og hann er kallaður í djúru fröðunni, er afar skjálleg skemja, með minna grípingsgr, líta hettur og alþakinn harfri skurn, en undir skurninni aflann til er flötvegning sem hettur er og mörgum þykki herraamannsmatur. Humarinn hefur sig nafni við botn, getur



af og hefur af til þess að lagna, en austan Kyja sé aflann lagna í þessum stíl, en vestan þessir, þar sem þeir draga útvegið er kokkinn. Eftir á úna stím siglum við fyrir Vatnaskli og höfðum þessu áttum á þessum og í flötvegningu sé græna flötvegning að veidum.

Tegad í þessum krabbaveidum
Hér er settur útlur og skammtur því til frystistöðu að hefta veidarnar enda þangað skipmannsmatur flötinn sé að fröðun og renna því út og stunda útlur skella herraamannsmaturs. Þetta er sjávarfletting. Dýpat er 100 fathmar og um flötvegningu að framan og aftan renna 300 fathmar af vír á eftir flötinni og í djúpu. Þessu þessum krabbaveidum er farrið langt yfir og sjávarbotnin skafinn.

Reger og klötupna
Á meðan lengdam við skákin í líkarni, þar sem Reggi kókkur er með klötupna á boðstólum. „Hasteinn“ er nokkur komur 600 skyliupki. Þvír hefur Jósep fermaður eru á skipinu, tengslaflúr hann og tveir er krabbaveid flötvegningu. Reggi er að leggja síðustu hléð á matartíðningunni og tveir er klötupna slápa borin á hefti Postgímalóð er sett á gólf og Reggi sláðu klötupna yfir úr og fyrir alla díska og rólán er þyrst að mæla. Þessu er lútt að mjög fyrir síðuna.

Humarinn hefur verið krabbaveid og skallað. Gefumundur Lúttur komur í k.



„Hasteinn“ að veidum skammt frá Vestmannaeyjum.

(Ljóm. Mbl. Markús).

er gætt og alinnuflúr spyrri hann sér aftur á bak með sundblöðu, á ha-endanum. —

Það er höfði matar eftir. Það er breita af vestri og fornaðarinn, Jósep Zópháníason, segir

— Hann Reggi er allvæg matarari í klötupna. Hvar þér verður frengi uppkrifinn, matar?

En Reggi lýtur því höfðingja yfir að hann þurfi ekki að flötvegningu.

annar fiskur sláttur með í undan stíl. Húsabættur og síðasta stjóni við aðrir. Þau eru ekki á stönu sláttur og við veidum krabbann.

— Hvas er að segja um veidmatur?

— Við fáum 2250 krónur fyrir tonn af fyrsta flokka humar. Krabbann segur hafa með humar eins stím, en ekki haft nafni við flötvegningu til að kanna hann og síðan hafa skipvegar ekki beðið um þessu rétt aftur.

Hítad
Samræðingur eru á enda. Formanninn kallar úr hettunni og það er byrjað að hla. Eftir flötvegningu matar herraamannsmaturs. Hér á þessum flötvegningu er undir er humar af flötvegningu. Þegar aflann er kominn um botn er þegar flötvegning af flötvegningu eftir flötvegningu í tve flötvegningu. Því matar er hann skallað og settur í h í hettunni.

Háblíð hla
Fröðunni er varpað út krabbanninn sem. Það ritar í einu þessum og þá er farrið með það inn til Vestmannaeyja til lagabæringar, og fröðunum matar lagabæring og fer upp í apótek að fá sér sjóveikisflúr, of óþægill er farrið um háðegi á þessum dag. Veid mörkt, en einnig morgun á mörktvegning er stöfvan beita á það. Það er kominn austan beita, óþæt veidvegur og auk Frank á bla. 15



Krabbanur var á flötvegningu mæla venstur um botn.

Svona ferð varð ég að fara með áætlunarbíl Steindórs, sem keyrði frá planinu við Mjólkurfélagshúsið, milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu í Reykjavík, austur á Selfoss og niður á ströndina. Þegar þangað kom var enginn í verksmiðjunni, þó að heimsóknin hefði verið fastmælum bundin. Ég labbaði því inn á Stokkseyri og bjóst til að bíða eftir rútunni í bæinn síðdegis. Þá hitti ég fyrir tilviljun Zóphanías Pétursson, verkstjóra í frystihúsinu, sem fór að segja mér frá aflabrögðum, þar sem við stóðum þarna í brakandi sólskininu. Stokkseyrarbátarnir Hásteinn og Hólmsteinn voru á humarveidum og höfðu gert það gott. Zóphanías hvatti mig til að koma aftur og fara í túr með öðrum hvorum bátinum. Það gerði ég nokkru síðar og þegar ég var búinn að ná mér sémilega af sjóveikinni gat ég byrjað að taka myndir og ræða við strákana í áhöfninni á miðunum austan við Vestmannaeyjar. Humarveiðarnar voru nýlunda þá en framundir það síðasta hafði humrinum verið fleygt með bölv og ragni um “helvítis krabbann”. Heldur létu menn sig svelta en að bera slíka viðurstyggð inn fyrir varir sér. Úr þessari sjóveikiferð á miðin varð til myndskreytt grein um veiðitæknina og viðhorf strákanna um borð til starfsins og tilverunnar í það heila tekið.

Hinn 16. júní 1961 var ég beðinn um að vera tilbúinn síðdegis að fara með varðskipinu Óðni vestur í Arnarfjörð. Skipið átti að flytja Ásgeir Ásgeirsson, forseta Íslands, forsetafrúna og fylgdarlið vestur að Rafnseyri, þar sem fara átti fram hátíðarathöfn daginn eftir, á 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Ég dreif mig um borð á tilsettum tíma með skriffæri og myndavél. Þegar til átti að taka reyndist engin koja laus fyrir blaðamanninn og varð ég að hafast við í borðsalnum mestan part ferðarinnar. Það gerði mjög vont

Humarveiðarnar voru tiltölulega ung undirgrein í fiskveiðum á Íslandi. Humarinn þótti herraamannsmatur og hafnaði á veisluborðum. Til skamms tíma hafði honum verið hent aftur í sjóinn þegar hann fiskaðist með öðrum tegundum.



veður þegar komið var út á Flóann og varð sjóferðin skelfilegri fyrir heilsufar mitt og mikið ælt eftir því sem leið á nóttina því að vélar skipsins voru keyrðar á fullu afli upp í ölduna til að halda áætlun. Lögreglumaður úr Reykjavík fékk svo hastarlegt nýrnakast um nóttina að sigla þurfti með hann inn til Patreksfjarðar og koma honum undir læknishendur. Var vistin á bekknum í matsalnum hin versta en einhvern veginn hafðist þetta af og öllu skaplegra veður var á Arnarfirði þegar komið var til Rafnseyrar. Þar varpaði Óðinn akkerum úti á firðinum en farþegar fóru með skipsbátnum í land. Þrátt fyrir rigninguna fór þarna fram hin virðulegasta athöfn að viðstöddu fjölmenni og margar ræður haldnar til heiðurs Jóni forseta Sigurðssyni á fæðingarstað hans. “Hátíðahöldin á Rafnseyri tókust vel þrátt fyrir leiðindaveður” skrifaði ég í fyrirsögn í þriðjudagsblaðinu eftir þjóðhátíðarhelgina.

Því er ekki að neita að ég var oft sendur í verkefni, sem aðrir á ritstjórninni fengust ekki til að sinna. Svo var um sumarferð landsmálafélagsins Varðar, þar sem ráðherrar og annað forystufólk fór í dagsferð á sunnudegi um nærliggjandi héruð með almennum flokksmönnum og ýmsum öðrum, sem áttu kannski ekki kost á öðru sumarferðalagi en þessu. Óli blaðasali og nokkrir kunningjar hans voru t.d. oftast með í hópnum. Vel á annan tug rútabíla í halarófu á þjóðvegnum undir fánum Sjálfstæðisflokksins. Meira að segja reyndist það mikið tilhlökkunarefni fyrir marga að fá malt og appelsín á áningarstað ásamt hinum rómaða nestisþakka með kaldri, fitubrynjaðri kótiletu, harðsoðnu eggji og flatbrauði með hangikjöti, allt frá kjötbúðinni Borg, sem Þorbjörn Jóhannesson, kaupmaður og varabæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, rak af myndarskap á Laugavegi 78. Í þessum ferðum fluttu ráðherrar og þingmenn flokksins ávörp



Óðinn sigldi í miklum mótvind með forsetann til Rafnseyrar.



Hátt í 20 rútabílar fluttu fólkið í Varðarferðinni 1965. Fremstur í þessum bíl var fararstjórinn Árni Óla, rithöfundur. Fyrir aftan hann eru Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og Sigríður Björnsdóttir eiginkona hans.



"Kalatdlit nunanugapúgút"



Bendi var orðin svangur.

"Við erum á heimleið"

BEYKVIKINGAR hafa undan farna daga verið eftirtekt nokkrum grænlandskum konum, sem gengið hafa um götum, sem bæjarne með brennir sín í góða veðrinu. Til skamms tíra hafa grænlandskir söfnuðir verið falið hér á landi, þrátt fyrir þá staðreynd, að Grænland liggur allra lands næst Íslandi. Grænlandskonur eru allir giftar dómstikum verka eru allir eru á leið til mínna, sem eru á leið til stafta í Grænlandi um nokkurstafa í Grænlandi, ef þeir urra mánaða skóli, ef þeir hafa vestræti í Danmörku. Hér í Reykjavík býr fjórir eftir danska heimakastarinnu Magna Dan, en það mun vera fast í ís við Grænlandströnd og kemur að öðrum líkindum ekki fyrr en eftir ríma viku. Fréttamaður Mbl. hotti tveir grænlandsku kvænnanna í Kirkjustöðinu, en þær voru í kaffi þarna voru frá Jensen og frá Raasmussen, með son þeirrar fyrsta og þarna þær vagnu þú þú í veit á þeim þær hlögu hátt og innilega. Söghlögu hátt með að fá ut vera langþar með að fá að dvelja hér — og síðer staklega lifnar af rjónastaklega á hólleini. Þóttuakónum á hólleini. „Lifir er eitt rjónabland“.

miðik og þá lagadit þetta allt saman. — Þú erud náttúrulega ordu er meira danskar en grænlandskar. Af hverju erud þú ekki í hjólbólunum? — Við kunnum langtum betur við að falla inn í umhverfið. Annars hlífum við hjólbólunum með í ferðakortunum og fórum í kunn á hólleini og fylldigum. Grænland er alls ekki minni lík í okkur en Danmörk, enda leggjum við allveg að jöfnu söngum og svinaðnk. — má.



Frá Jensen og frá Raasmussen, með Bendi í vagninum.



Einar og Erik hofðu á umferðin í Kirkjustöðinu.

„Lifir er eitt rjónabland“.

„Lifir er eitt rjónabland“.

Ungar grænlandskar konur urðu á vegi mínum í miðbænum sumarið 1960. Mér hafði verið falið að leggja 3. síðu blaðsins til efni úr mannlega lífinu í borginni. Ég ákvað að beita minni menntaskóladoönsku til að ávarpa þær og forvitnast um ferðir þeirra. Smellti af nokkrum myndum. Konurnar voru komnar frá Danmörku til Íslands ásamt dönskum eiginmönnum og börnum og biðu nú skips, sem átti að flytja þau öll til Grænlands sem var eiginlega lokað land. Einokunarfyrirtækið Grænlandsverslunin stjórnaði ferðum til landsins.



Grænlandsfarið Magga Dan var fast í ís norður af Íslandi.

og ágætir leiðsögumenn lýstu staðháttum. Það var ýmsan fróðleik að fá með kótilettnum á þessum vettvangi Varðarfélagans.

Um verslunarmannahelgi var ég beðinn að skreppa í Þórsmörk til að fylgjast með jafnöldrum mínum við að halda uppi fjörinu í guðsgrænni náttúrunni og í félagsskap Bakkusar við varðeldinn, þar sem Úlfar Jacobsen, ferðafrömuður og rútabílstjóri spilaði sjálfur á gítarinn. Þetta var tiltölulega slysalaus helgi. Ég hélt reyndar til í skála Ferðafélags Íslands, þar sem skáldið Jóhannes úr Kötlum var skálavörður og fór með okkur í gönguferðir um svæðið. Var ég langyngstur í þeim hópi. Einhverjir á ritstjórn Morgunblaðsins voru farnir að hafa áhyggjur af því að ég færi á mis við allan félagsskap jafnaldra minna og barst þetta til fjölskyldunnar. Það var að vissu leyti rétt og algjörlega eftir mínu eigin vali. Ég vildi helst halda til á Mogganum eða í verkefnum fyrir hann jafnt nótt sem nýtan dag og um helgar. Nánasti kunningjahópur var samstarfsfólkið á blaðinu, talsvert eldra en ég. Þannig að í rauninni var ég alls ekki gjaldgengur í þann hóp heldur nema í andrúmi þess sem var að gerast innan veggja ritstjórnarinnar.

Þessi ásókn í blaðamenskuna varð mér ekki til framdráttar í náminu, hvorki í undirbúningi undir landspróf, sem ég stundaði í Gagnfræðaskólanum við Vonarstæti, né heldur þegar komið var í menntaskóla. Ég hafði staðið mig vel með mínar ágætiseinkunnir í Laugarnesskólanum og vanist því að taka jafnframt þátt í leiklistinni þar. Þó að veturinn í landsprófi væri strembinn þurfti eitthvað að gera í félagsmálum nemenda og ég dróst inn í þann farveg. Málfundir, listkyrningar, árshátíð og ekki síst útgáfa skólablaðs, hins fyrsta sem gefið var út í landsprófsdeildinni og hefði betur aldrei orðið. Ég náði því að verða efstur yfir skólann á miðsvetrarprófi en síðan seig nokkuð á ógæfuhliðina. Blaðamennskan hafði tekið mig þéttingsfast í faðm sér þegar ég var kominn í menntaskóla. Námið í Menntaskólanum í Reykjavík var lítt aðlaðandi. Ég var staðráðinn í að helga Morgunblaðinu krafta mína!

Mikil útbreiðsla Morgunblaðsins gerði það að öflugum auglýsingablaði og tryggði því miklar tekjur. Árum saman birtust einvörðungu auglýsingar á forsiðu blaðsins. Auglýsingar voru frumstæðar framan af en hönnun þeirra batnaði með tímanum.



1957
Dæmigerð auglýsingasíða frá sjötta áratug síðustu aldar. Einn hrærigrauttur. Einfaldleikinn sláandi og hófsemi auglýsandans í útgjöldum yfirþyrmandi.

1959
Jónas Jónasson, útlvarpsþulur, vakti mikla athygli þegar hann gerðist fótómódel og auglýsti nýju peysuskyrtuna Smart Keston.

1965
Sérmenntað fagfólk á auglýsingastofum hannaði margar athyglisverðar auglýsingar fyrir blöð og tímarit. Birting tóbaksauglýsinga var ennþá heimil.



Jón E. Ragnarsson

Jón E. var með allra skemmtilegustu félögum og samferðamönnum. Auk þess var hann ótrúlega fróður um sögu og stjórnsmál, ekki síst alþjóðamál og naut maður þess í samræðum við hann. Jón hafði fengist við leiklist í menntaskóla og var tónlistarunnandi mikill. Hann var hrókur alls fagnaðar.

Ferðir Vestur-Íslendinga til Íslands urðu æ tíðari um 1960. Hver hópurinn af öðrum kom með flugi til landsins og leituðu þátttakendur ættingja sinna. Margir komu við á ritstjórn Morgunblaðsins og sögðu sögu áa sinna og landnáms þeirra vestan hafs. Höfðu ritstjórnarnir lagt fyrir blaðamenn að taka þeim vel og birta stutt viðtöl við þá. Jón E. var satt best að segja orðinn uppgefinn á sífellnum blaðaviðtölum við Vestur-Íslendinga, sem flestir höfðu svipaða sögu að segja úr sömu áttögum. Í hagræðingarskyni fyrir sjálfan sig og vinnufélagana útbjó hann sérstakt skema í ætt við krossapróf með yfirskriftinni “Viðtal við Vestur-Íslending.” Þetta gagnlega, fjölritaða eyðublað skyldi notað þegar tekin voru viðtöl við gestina úr vesturheimi. Var þar boðið upp á nokkra valmöguleika í þessum stíl: “Afi og amma fluttu vestur um haf úr: *Suður-Múlasýslu/Norður Múlasýslu/Skagafirði. Annað.....* Eftir langt og erfitt ferðalag þar sem amma komst ekki úr koju dögum saman vegna sjóveiki stigu þau af skipsfjöl í Quebeck og settust svo að í *Manitoba/ Alberta/Ontario/ Annað.....* Afinn er látinn en amman býr á elliheimili Íslendinga í *Gimli/ Árborg/ Selkirk Annað.....*” Þessi spuni Jóns var mun lengri og skemmti ungliðum á ritstjórn Morgunblaðsins gríðarlega.

Ráðherra stuttur í spuna

Jón E. var viðstaddur í Þjóðleikhúskjallaranum þegar talsíminn var opnaður um nýja sæstrenginn milli Íslands og Skotlands í janúar 1962. Atburðurinn markaði tímamót. Nú voru tæknileg skilyrði til að tala til útlanda eins og í innanbæjarsamtölum. Áður var stólað á brögðult radiósímsamband. Jón hermdi



listilega eftir því sem fram fór við athöfnina þegar Ingólfur Jónsson, samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins, ræddi í símann við ungrú Pike, aðstoðarsímamálaráðherra Breta, sem talaði frá London. Ingólfur var ekki sleipur í enskunnni og var búið að semja handrit að samtalinu fyrir hann. Gekk þessi formlega opnun vel fyrir sig þar til ungrú Pike aðstoðarsímamálaráðherra tók sig allt í einu til í lok samtalsins og vék út frá handritnu: “I hear a lot about your wonderful country, Minister. I would like to come and visit you some day.” “Good bye”, Miss Pike”, svaraði Ingólfur stutt og laggott og skellti á. Hann hafði þar með lokið síðustu setningu sinni í þessu leikritshandriti.

Dularfulla myndavélin

Þegar þeir Sverrir Þórðarson og Þorsteinn Thorarensen kvöddu Morgunblaðið og fluttu sig yfir á Vísi gafst ærlegt tilefni til að efna til kveðjuhófs á ritstjórn Morgunblaðsins. Það var gert með síðdegisdrykkju á ritstjórninni. Var þar fjölmennt og glatt á hjalla enda hinir galvösku sumarfleysingamenn og háskólanemar þar mættir og lyftu samkvæminu upp í hæstu hæðir í sprelli og fjöri. Eftir samkvæmið tóku menn eftir því að fremur einföld og ódýr myndavél hafði verið skilin eftir í einni gluggakistunni og olli þetta vangaveltum um hver eigandinn væri en skömmu síðar var vélin horfin.

Einhver hafði látið framkalla filmuna í vélinni til að grennslast fyrir um eigandann og átti það að vera privat en ekki notast í þeim tilgangi sem síðar var upplýst. Jón E. og félagar höfðu farið í veglegan pikknikk á laugardegi með nesti frá Hótel Borg og nutu veðursældar austur í sveitum. Þegar ferðafélagarnir tóku að lýjast eftir öll herlegheitin þótti heillaráð að koma

við í einhverri volgru sem kunnugir vissu af úti í guðs grænni náttúrunni, þegar haldið var til baka til Reykjavíkur. Afklæddust menn við það tækifæri og busluðu berstrípaðir í ylvolgu vatninu. Einhver í hópnum var iðinn við að festa þetta atriði á filmuna í myndvélinni umræddu. Jón E. mun hafa verið “afmyndaður” tíðar en aðrir í hópnum. Var hann rækilega minntur á þessa fótósessjón nokkrum mánuðum síðar. Jón útskýrði það fyrir mér, að hann hefði mætt Pétri Benediktssyni, bankastjóra, á gangi í Austurstætinu og Pétur verið sposkur á svip þegar hann þakkaði Jóni kærlega fyrir póstkortið. “Ha? Hvaða póstkort?”, spurði Jón afskaplega undrandi. Þá útskýrði

Pétur fyrir honum, að sér hefði borist í póstinum kort með mynd af Jóni þar sem hann fór hátignarlega á bringusundi um laugina allsber, og sagðist Pétur hafa glaðst alveg sérstaklega yfir því að uppgötva að Jón væri svona íþróttamannslega vaxinn og stundaði almenningsíþróttir þegar tóm væri til.

Jón hafði skömmu síðar sett upp í sig pípuna og farið að rannsaka málið eins og Sherlock sjálfur og komist að því að póstkort með þessari mynd af honum hafði verið sent allmörgum öðrum áhrifamönnum í samfélaginu, en einnig fylgdi með valinn hópur herramanna, sem taldir voru hafa sérstakan smekk fyrir myndir af léttklæddum eða fatalausum ungum karlmönnum. Jón sagði að á póstkortinu hefði hann verið í “hvíldarstöðu”, haldið sér á floti þannig að þjóhnapparnir stóðu upp úr, en þó með koníaksglas í hönd.

Póstkortið hafði gefið tilefni til umræðu á meðal fyrimanna í bænum og létt þeim lund í haustveðrunum. Var þetta eftirsóknarvert frásagnarefni fyrir Jón sjálfan sem kunnur að meta svona fáránlegar uppákomur og gerði þá óspart grín að sjálfum sér.



Heillaóskir til vinar í vestri



Hinum ótrúlegustu hugdettum gat slegið niður í huga Jóns á góðra vina fundi. Margir slíkir og fjölmennir voru haldnir uppi í “turninum” á heimili hans í “afahúsinu” sem Kristinn vagnasmiður hafði reist á horni Frakkastígs og Grettisgötu. Þegar líða tók á fagnaðinn fannst Jóni oft orðið tímabært að heiðra málsmetandi fólk með sérstökum árnaðaróskum í símskeytum. Þannig fékk John F. Kennedy þá nýkjörinn Bandaríkjaforseti sérstakar hamingjuóskir á ensku frá gestum Jóns á Frakkastíg 12. Það eftirminnilegasta við skeytið var undirskriftin: “Fh. velunnara yðar í Reykjavík, Jón E. Ragnarsson, Frakkastíg 12, Reykjavík, Ísland, **gengið inn Grettisgötumegin**”, svona ef ske kynni að Jack ætlaði að reka inn nefið.

Flokksbróðir hyltur

Birgir Ísleifur Gunnarsson fékk líka hugheilar afmæliskeðjur frá Jóni E. þegar hann varð þrítugur. Þá kom Jón akandi með vörubíl frá Þrótti upp á Fjölnisveg, stoppaði fyrir utan heimili Birgis í götunni, hóaði í afmælisbarnið út á svalir og bað bílstjóran að lyfta pallinum 30 sinnum í topp í heiðursskygni við afmælisbarnið.



Jane Mansfield var að heiman

Eitt sinn voru ungir Sjálfstæðismenn í fagnaði. Fannst Jóni þá illt í efni, að ekkert viðeigandi hefði verið gert í tilefni dagsins. Og hvað skyldi það hafa átt að vera? Jú, það var afmælisdagur kynbombunnar frægu og filmstjörunnar Jane Mansfield. Hún varð þrítug, 19 apríl 1963. Jón sagði mér, að töluverðu púðri hefði verið eytt í framkvæmd



Þessa máls og hann farið á mis við allmarga vískísjússa fyrir bragðið. Það var fokdýrt að hringja til útlanda á þessum tíma og ekki gert nema í hálfgerðum neyðartilfellum.

Gat Jón vitnað í fleyg spakmæli Jane sjálfrar þegar hún sagði: “If you’re going to do something wrong, do it big, because the punishment is the same either way.” Með undraverðum hraða var Jón búinn að hafa upp á símanúmeri Jane Mansfield í Hollywood og náði þar sambandi við ritara hennar, sem tjáði honum að ungfrúin væri stödd í Rómaborg. Jón gafst ekki upp heldur fékk nafn og símanúmer hótelsins.

Ekki náðist þó samband við Jane heldur ræddi Jón við einkaritara hennar drykklanga stund, sem sagði að Jane væri úti að skemmta sér á næturlúbbi en hún skyldi skila kveðju frá honum sem leikkonan mæti örugglega mikils. Í lok þessa hjartnæma símtals vitnaði einkaritarinn í eigin orð Jane um leið og hún kvaddi Jón:

“It is the most wonderful feeling in the world, you know, knowing you are loved and wanted.”

-Jane Mansfield
1933-1967

Skrúfan laus


Eitt sinn vorum við Jón í New York og gengum frá hóteli út eftir breiðstrætinu. Þá sagði Jón allt í einu: “Heyrðu Krúsi.

Við verðum fara í næsta blaðsöluturn að ná í eintak af málgagni Vélstjórafélagsins”. “Hvað nú?” Vélstjórafélag Íslands gaf út tímaritið Skrúfuna en nú var það hið víðlesna klámblað “Screw” sem Jón vildi fletta til að sjá hvað væri nýjast á því tæknisviði.

Nixon samur við sig



Í þessari sömu ferð fór Jón ásamt samferðamönnum í heimsókn til Richard Nixons, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem þá starfaði á lögmannsstofu sinni í New York. Jóni sagði reyndar svo frá að hann hefði rekið augun í ævisögu Nixons á spottprís á útsölu í bókabúð sem varð á leið gestanna. Keypti hann eintak og hafði með sér á fund forsetans fyrrverandi. Viðtökur og umræður voru allar hinar fróðlegustu og í lokin bað Jón um eiginhandaráritun höfundar í bókina. Það var auðsótt mál en eitthvað átti Nixon í brösum með stafsetninguna á “Ragnarsson”, þannig að Jón stóð upp og rétti honum VISA-kortið með áletruðu nafni sínu yfir skrifborðið til glöggvunar við skriftirnar. Skýrði Jón svo frá, að Nixon hefði tekið þéttingsfast um hornið á kortinu og ætlað að stinga því í vasann en með snarræði hefði sér tekist að koma í veg fyrir það. Lýsti Jón því hvernig mikið reiptog um VISA-kortið hefði staðið milli þeirra Nixons. Vegna vafasams orðspors vildi Jón síður að kortið sitt lenti í höndum Tricky Dick og gaf því ekkert eftir í viðureigninni.



Ritstjórn Morgunblaðsins



Ritstjórn og blaðmenn Morgunblaðsins. Fremri röð, frá vinstri: Þorbjörn Guðmundsson, Halldóra Gunnarsdóttir, Elin Pálmadóttir, Matthías Johannessen, Sigurður Bjarnason, Eyjólfur K. Jónsson, Sólrún Jensdóttir, Margrét Bjarnason og Atli Steinarsson. — Aftari röð: Björn Jóhannsson, Örnólfur Árnason, Haukur Hauksson, Markús Antonsson, Ásgeir Ingólfsson, Halldór Blöndal, borgarstjórnaðarfréttari Vigur Guðmundsson, Magnús Þórðarson, Björn Thors, Haraldur J. Hamar, Sverrir Gunnlaugsson, þingfréttari og Friðrik Sigurbjörnsson. Á myndina vantar Sigurð A. Magnússon og Svein Kristinsson.

Mynd af ritstjórum og blaðamönnum Morgunblaðsins sem birtist í hátíðarútgáfu í tilefni 50 ára afmælis blaðsins 2. nóvember 1963. Fremri röð frá vinstri: Þorbjörn Guðmundsson, Halldóra Gunnarsdóttir, Elin Pálmadóttir, Matthías Johannessen, Sigurður Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Sólrún Jensdóttir, Margrét Bjarnason, Atli Steinarsson. Efri röð frá vinstri: Björn Jóhannsson, Örnólfur Árnason, Haukur Hauksson, Markús Örn Antonsson, Ásgeir Ingólfsson, Halldór Blöndal, Vigur Guðmundsson, Magnús Þórðarson, Björn Thors, Haraldur J. Hamar, Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Friðrik Sigurbjörnsson. Á myndina vantar Sigurð A. Magnússon og Svein Kristinsson. Ólafur K. Magnússon tók myndina.

Það var reyndar Ameríka sem tók mér með útbreiddan faðminn síðsumars 1961 eftir langar vinnutarnir mínar á Morgunblaðinu. Um miðjan ágúst var ég kominn til New York sem skiptinemi á vegum American Field Service í glaðværum hópi 16 íslenskra jafnaldra minna. Í New York hittum við AFS-nema úr öllum heimshornum og eftir nokkurra daga dvöl í heimsborginni héldum við áfram til ákvörðunarstaða víðsvegar um þetta stóra land. Ég var til heimilis næsta árið vestur á Kyrrahafsströnd, í Corvallis í Oregon, hjá einstöku sómafólki, sem varð mér mjög kært. Í Corvallis stundaði ég nám í efsta bekk miðskóla, high-school, með lokapróf til inngöngu í háskóla að markmiði.

Eins og vænta mátti gerðu nokkrir tungumálaörðugleikar vart við sig í fyrstu en um jólin var það yfirstaðið og ég fór að flytja ávörp og kynningar hjá ýmsum

félagasamtökum í því skyni að segja frá AFS og lífinu og landsháttum á Íslandi. Samkvæmt bandaríska skólakerfinu voru ýmis valfög í boði til viðbótar við grunngreinarnar ensku, ameríska sögu og samfélagsfræði. Ég valdi blaðamennsku, ræðutækni og framsögn, leiklist og frönsku. Með blaðamenskunáminu fylgdi útgáfa skólablaðsins Hi-O-Scope, sem bekkurinn sá um. Ég skrifaði fréttir og tók myndir. Sömuleiðis kom ég að útgáfu árbókar skólans. Það var líka dýrmæt reynsla fyrir okkur að koma í útvarpsstöðina í Corvallis og sjá um dagskrá hennar í einn dag með fréttum, viðtölum og tónlistarefni. Allt varð þetta til að ýta undir áhuga minn á fjölmiðlum almennt og störfum við þá. Ég hafði reyndar komið fram fyrir hljóðnema í Ríkisútvarpinu í barnatímum, sem Skeggi Ásbjarnarson, kennari minn í Laugarnesskólanum sá um. Haustið 1960,

þegar ég var 17 ára, hafði Haraldur J. Hamar, blaðamaður á Morgunblaðinu, boðið mér að koma fram í þætti sem hann sá um í útvarpinu. Það var fréttæfni utan úr heimi og flutti ég pistil um undirbúning forsetakosninganna og frambjóðendurna Kennedy og Nixon. Það var síðan viðbótarreynsla við þetta allt saman að koma í fyrsta skipti inn í sjónvarpsstöð. Í Eugene, næstu borg við Corvallis, var rekin stöð með útsendingu til miðsvæðis Oregonríkis. Hún endurvarpaði efni frá einni af stóru sjónvarpskeðjunum þremur og sá svo um að afla og senda út svæðisbundnar fréttir. Að vonum var ævintýri líkast að skyggjast inn í þennan nýja heim fjölmiðlunar. Sjónvarpið var enn í örri þróun í Ameríku og það vakti athygli mína hvað stöðin í Eugene, var einföld í sniðum. “Þetta hljótum við að geta gert líka heima á Íslandi”, hugsaði ég án þess að þæla svo sem meira í því.

Ég kom heim og var staðráðinn í að ljúka stúdentsprófi í MR. Reglur AFS sögðu að allir yrðu að fara til síns heima og gætu ekki komið til Bandaríkjanna í eitt ár. Hefði ég ekki verið bundinn af þessu er næstum víst að ég hefði haldið áfram námi í fjölmiðlun vestan hafs. Nám í blaðamennsku var ekki hægt að stunda á Íslandi. Nokkrir starfandi blaða- og fréttamenn höfðu verið í blaðamannaskólum erlendis. Flestir voru þó með stúdentspróf eða kennaramenntun og allnokkrir höfðu lokið háskólaprófi. En hvaða nám átti maður að leggja fyrir sig í Háskóla Íslands til að búa sig undir fjölmiðlastörf? Ég velti fyrir mér íslenskum fræðum, tungumálum, guðfræði eða lögfræði. Að endingu innritaðist ég í laganámið. Fram að stúdentsprófi var ég ekki eins tíður gestur á Morgunblaðinu yfir skólaárið og ég hafði verið áður með tíðum íhlaupaverkefnum. Ég átti lítillaga innlit í Ríkisútvarpið og hafði þar umsjón með þættinum “Með ungu fólki” ásamt skólabróður mínum Andrésí Indriðasyni. Ég starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu næstu sumur, hið síðasta 1965 og tók þar fréttavaktir, orðinn “fullgildur”. Þetta haust var tími mikilla breytinga. Ég hætti í laganáminu og ákvað að taka við stöðu fréttamanns hjá hinni nýju sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins.



Horft á sjónvarp í Corvallis. Fréttatímar amerísku stöðvanna tóku miklum framförum. Vaxandi fjölbreytni fréttamynda. Spannandi þróun.



Tímamót í lífi okkar Steinunnar. Við urðum stúdentar, hjón og foreldrar á því herrans ári 1965. Ég innritaðist í lagadeild Háskólans. En frétt hér að neðan breytti miklu í lífi okkar.

Stálu úr tjöldum

Auglýstar stöður við sjónvarpið

Mikið framboð á brezkum markaði

Alli logaranna við SA-land miklu betri en á sama tíma í fyrra — fiskurinn átumikill

Ég sótti um stöðu fréttamanns hjá Sjónvarpinu og fékk hana. Var þó í vafa en fréttastjórinn sagði: “Stökktu!”

ÞAÐ ERU 1000 ÓTRÚLEGAR ÆFINTÝRALEIÐIR

SEM OPNAST EFTIR FÁRRA STUNDA FLUG

EF




LOFTLEIÐIR

FLYTJA OKKUR FYRSTA ÁFANGANN

MEÐ NÝJU

DC-6B

CLOUDMASTERFLUGVÉLUNUM



— allar þessar fögru borgir eru vinsælustu viðkomustaðir þeirra, sem sækja sér sumaraukann á vorin eða haustin eða byrja og enda orlofið í erlendri stórborg.

Frá þessum áfangastöðum Loftleiða eru allar götur greiðar til góðkunnra vor- og sumarðvalarstaða.

Þeim, sem vilja tryggja sér flugförin að heiman og heim með hinum hraðfleygu, ratsjárnúnu flugvélum LOFTLEIÐA er ráðlagt að gera það í tæka tíð.

Skipuleggið ferðirnar með fyrirvara. Talið sem fyrst við Loftleiðir.

— Sími 18440 —

- 8 ferðir í viku til New York
- 3 ferðir í viku til Hamborgar, Kaupmannahafnar og Oslo
- 2 ferðir í viku til Gautaborgar og Glasgow
- 1 ferð í viku til Stafangurs, Amsterdam, London, Luxemborgar og Helsingfors



LOFTLEIÐIS LANDA MILLI